

Vor 2019



Brúarskóli: Mat á starfsemi og árangri

Brúarskóli: Mat á starfsemi og árangri
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
Framkvæmd og ábyrgð: Védís Grönvold
Vor 2019

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Inngangur	6
Aðferð 6	
Brúarskóli 7	
Niðurstöður og ábendingar	8
Stefna Brúarskóla	8
Ábendingar 10	
Skólastarf í Brúarskóla	12
Nám og mat á árangri skólavistar 12	
Langtímaúrræði 17	
Ábendingar 18	
Kennarastarf í Brúarskóla	20
Kennsluhættir og símenntun 20	
Starfsumhverfi 22	
Ábendingar 24	
Foreldrar barna í Brúarskóla	25
Ábendingar 28	
Ráðgjafarsvið Brúarskóla	29
Ábendingar 31	
Viðauki	33

Samantekt

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði sem hefur það markmið að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að skólanum gangi ágætlega að ná því markmiði. Undanfarin ár hefur skólinn einnig verið langtímaúrræði fyrir nemendur sem ekki hafa farið til baka í almenna grunnskóla. Ef skólanum er ætlað það hlutverk til frambúðar þarf að laga starfsemina betur að þörfum beggja hópanna.

Styrkur skólans liggur m.a. í áhugasömu og reynslumiklu starfsfólki sem vinnur vel saman. Það sýnir nemendum og foreldrum virðingu og jákvæðni. Jafnt kynjahlutfall starfsmannahópsins er eftirtektarvert. Starfsumhverfi starfsfólks í Brúarskóla þarf að skoða sem allra fyrst með hliðsjón af sérstöðu skólans.

Lögð er rík áhersla á bættu hegðun nemenda í skólanum en minni áhersla á námsárangur. Vinna þarf markvisst að fjölbreytni kennsluhátta og auknum áherslum á námsárangur án þess þó að það bitni á þeim góða árangri sem skólinn nær við að bæta hegðun nemenda. Lagt er til að kennsluáðferðir á unglingastigi verði teknar til sérstakrar skoðunar. Skýrari áherslur tengdar símenntun gætu styrkt skólastarfið og er skólinn hvattur til að tengja fjölbreytni kennsluhátta við áherslur í símenntun, m.a. í ljósi þess að hægt hefur gengið að vinna með þann þátt frá því gert var mat á skólastarfinu árið 2013.

Skólastjórnendur í almennum grunnskólum sem unnið hafa með nemendum sem hafa verið í Brúarskóla telja mikilvægt að skólavistin bæti líðan, hegðun og færni í samskiptum. Það er þeirra mat að árangur skólavistar sé jafnan í samræmi við markmið skólans og að samstarf við skólann hafi gengið vel. Þeir telja brýnt að bið eftir skólavist verði stytta. Starfsfólk Brúarskóla og stjórnendurnir sem rætt var við kalla eftir því að samstarf stofnana sem koma að málefnum barna sem glíma við hegðunarvanda verði formlegra og málefni barna jafnan sett í forgang.

Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir foreldra sýnir að þeir telja að börnum þeirra líði vel í Brúarskóla, skólavistin hafi jákvæð áhrif á hegðun og að þau taki framförum í daglegum athöfnum. Samskipti foreldra við skólann eru góð og þeir eru ánægðir með viðmót starfsfólksins. Þeir myndu vilja að samhliða dvöl barns í Brúarskóla fengju foreldrar leiðsögn eða stuðning við uppeldi. Starfsfólkið tekur undir þá hugmynd og telur að það gæti eftir skólastarfið og aukið árangur nemenda.

Skýra þarf fyrirhugað samspil ráðgjafarsviðs Brúarskóla, kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og farteyma Reykjavíkurborgar. Frekari þróun ráðgjafarsviðs þarf að taka mið af þeim áherslum. Auk þess að veita skólum í Reykjavík ráðgjöf er ráðgjafarsviðið mikilvægt sem hlekkur í innra starfi Brúarskóla og sem sérhæfður ráðgjafi skóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg. Efla þarf starfsemi sviðsins og faglega þróun þess sem

leiðandi sérfræðiráðgjafar vegna nemenda með hegðunarerfiðleika. Leita þarf allra leiða til að stytta bið eftir þjónustu ráðgjafarsviðsins.

Inngangur

Úttekt þessi á Brúarskóla er frumkvæðisúttekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hún er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Samkvæmt samningi er markmið úttektarinnar að ná fram skýrri mynd af árangri Brúarskóla við að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskólum og um leið að bæta starfsemi skólans með það fyrir augum að efla starfsemina gagnvart markhópi skólans. Beina á sjónum að starfsemi Brúarskóla í Vesturhlíð, Brúarhúsum og Brúarseli en undanskilja starfsemina að Stuðlum og á barna- og unglingsgeðdeild (BUGL). Einnig á að skoða ráðgjafarsvið Brúarskóla.

Helstu spurningar sem leita á svara við eru eftirfarandi:

- Er starfsemi Brúarskóla til þess fallin að ná því yfirlýsta markmiði sínu að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum skólum?
- Veitir ráðgjafarsvið Brúarskóla almennum grunnskólum þá þjónustu sem þeir þurfa?

Upplýsinga á að afla með viðtölum við rýnihópa starfsmanna í Brúarskóla og við stjórnendur í grunnskólum. Einnig á að senda spurningalista til tiltekinnna skóla í Reykjavík og foreldra sem nú eiga börn í Brúarskóla. Í lokaskýrslu skulu koma fram upplýsingar um þætti eins og meðallengd vistar í skólanum, fjölda nemenda á ári og skiptingu milli skólahverfa. Í tengslum við ráðgjafarsvið skal kanna fjölda skóla sem sótti um og fengu þjónustu á tímabilinu 2013-2018. Meta skal hvers konar þjónustu þörf er fyrir svo og viðhorf skóla sem fengið hafa ráðgjafarþjónustu frá Brúarskóla.

Aðferð

Gagnaöflun fór fram á tímabilinu nóvember 2018 til mars 2019. Samkvæmt samningi var miðað við síðastliðin fimm ár, þ.e. frá skólaárinu 2013-2014 til 2017-2018 og einnig yfirstandandi skólaár þar sem það átti betur við.

Sendur var spurningalisti til foreldra eða forráðamanna barna sem nú stunda nám í Brúarskóla og foreldra eða forráðamanna barna sem hafa útskrifast á yfirstandandi skólaári og var svörun 47%. Sérstakur spurningalisti var sendur 24 skólum sem hafa reynslu af kennslu nemenda sem sótt höfðu nám í Brúarskóla tímabundið og komið síðan aftur í heimaskólann sinn á tímabilinu 2013-2018. Skólarnir 24 tengdust 42 nemendum. Svör bárust frá 20 skólum.

Tekin voru viðtöl við átta stjórnendur í sjö skólum í Reykjavík og á landsbyggðinni. Rætt var við stjórnendur sem höfðu reynslu af samstarfi við Brúarskóla vegna nemenda sem verið höfðu í skólanum eða höfðu reynslu af samstarfi við ráðgjafarsvið hans.

Brúarskóli var heimsóttur sjö sinnum, fimm sinnum var farið í Vesturhlíð til að skoða skólann og ræða við starfsfólk auk þess sem starfsstöðvarnar í Brúarseli og Brúarhúsum voru heimsóttar og aðstaða þar skoðuð. Viðtöl við

rýnihópa fóru fram í Vesturhlíð. Myndaðir voru fjórir rýnihópar; einn hópur kennara, einn hópur starfsfólks ráðgjafarsviðs, einn hópur stjórnenda og einn hópur með stuðningsfulltrúum, atferlisráðgjafa og þroskaþjálfara. Viðmælendur í skólanum voru alls 18, níu konur og níu karlar.

Niðurstöður úttektarinnar byggjast jafnframt á upplýsingum frá Brúarskóla sem sendar voru úttektaraðila samkvæmt beiðni, gögnum um starfsemi skólans sem voru á vef hans í nóvember 2018, skýrslunni „Brúarskóli – heildarmat á skólastarfi“ sem unnin var af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur árið 2013, lögum, reglugerðum og námskrá. Drög að skýrslu voru send stjórnendum Brúarskóla til staðfestingar á tölulegum upplýsingum og fullyrðingum um starfsemi skólans.

Framkvæmdaraðili og ábyrgðarmaður úttektarinnar er Védís Grönvold, uppeldis-, menntunar- og matsfræðingur. Brynja Baldursdóttir og Sigríður Ólöf Gunnlaugsdóttir, fyrrverandi aðstoðarskólastjórar, og dr. Logi Karlsson veittu faglega ráðgjöf við gerð spurningalistanna og frágang skýrslunnar.

Úttektaraðili þakkar foreldrum og skólastjórnendum fyrir aðkomu þeirra. Viðmælendum eru færðar þakkir fyrir að taka beiðni um viðtöl vel og fyrir greinargóð svör. Starfsfólki Brúarskóla er þakkað sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf og hlýlegar móttökur við vinnslu úttektarinnar.

Brúarskóli

Brúarskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkurborgar og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og aðalnámskrá grunnskóla; almennum hluta frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Hann var stofnaður árið 2003 með starfsstöð í Vesturhlíð 3. Árið 2009 var stofnuð starfsstöðin Brúarsel í Kleifarseli en sú starfsstöð var í lok árs 2018 flutt að Maríubaugi 1 við Ingunnarskóla. Árið 2014 var sett á fót starfsstöðin Brúarhús sem hefur aðstöðu í Húsaskóla, Dalhúsum 41. Brúarskóli sér einnig um kennslu nemenda sem dvelja á Stuðlum, meðferðarstöð ríkisins, og BUGL, barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Úttektin nær ekki til Stuðla og BUGL.

Brúarskóli er sérskóli fyrir börn sem eru með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda, eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum og börn sem komin eru í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota. Innan skólans er rekið ráðgjafarsvið sem veitir starfsfólki Brúarskóla ráðgjöf vegna nemenda skólans og kemur með skipulögðum hætti að inntöku- og útskriftarferli nemenda. Einnig geta almennir grunnskólar sótt um ráðgjöf frá ráðgjafarsviðinu.

Niðurstöður og ábendingar

Eftirfarandi er umfjöllun um niðurstöður úttektarinnar. Umfjölluninni er skipt í fimm hluta. Fyrst er stefna skólans skoðuð, síðan námið í skólanum og kennslan. Viðhorf foreldra sem fram komu í könnuninni eru síðan tengd við skólastarfið og viðhorf starfsfólks. Í lokin er sagt frá ráðgjafarsviði skólans. Gerð er grein fyrir hverjum þætti, sagt frá því sem fram kom í viðtölum og könnunum í tengslum við viðkomandi þátt og loks settar fram ábendingar sem byggjast á þeim lærdómi.

Stefna Brúarskóla

Þar sem markmið úttektarinnar er að fá mynd af árangri Brúarskóla er byrjað á að skoða stefnu skólans, markmið og áherslur. Leitast er við að leggja mat á það hvernig skólanum gengur að vinna að þeim markmiðum sem honum hafa verið sett. Í starfsáætlun Brúarskóla og á vef skólans er gerð grein fyrir markmiðum hans og áherslum. Þar segir meðal annars að Brúarskóli sé tímabundið skólaúrræði sem hafi það markmið að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Skólinn er fyrir nemendur á grunnskólastigi sem eru með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda, eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum eða eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota.

Meirihluti nemenda í Brúarskóla dvelur þar tímabundið og fer eftir dvölinna í almennan grunnskóla eins og markmið skólans gera ráð fyrir. Undanfarin ár hefur skólinn tekið á móti nemendum sem ekki fóru til baka í almenna grunnskóla og luku grunnskólagöngu sinni frá Brúarskóla. Meðallengd skólavistar er þá töluvert lengri en ef nemendur fara aftur í almenna grunnskóla. Fyrir tiltekinn hóp nemenda var Brúarskóli því langtímaúrræði en markmið skólans eru ekki í samræmi við það hlutverk.

Einkunnarorð skólans eru virðing, jákvæðni og ábyrgð. Samkvæmt því sem fram kemur á vef skólans er unnið út frá því að allir geti orðið betri manneskjur og að hver dagur sé sérstakur. Lögð er áhersla á að jafnan sé unnið á jákvæðan hátt að því að bæta hegðun nemenda, kenna þeim að stjórna eigin hegðun og bera ábyrgð á henni, hrósa fyrir það sem vel er gert og styðja nemendur í því að finna sínar sterku hliðar. Skólastarfið á að vera uppbyggjandi og taka mið af þörfum nemenda, áhuga og getu í fámennum nemendahópum. Unnið er markvisst með atferlismótun og jákvæðri styrkingu að því að bæta hegðun. Sérstök áhersla er sögð lögð á bóklegar og verklegar greinar auk hreyfingar og útivistar. Á meðan nemandi er í skólanum og meðan á eftirfylgd stendur er gert ráð fyrir nánú samstarfi við alla þá sem að málum nemanda koma, s.s. foreldra eða forráðamenn, heimaskóla, barnavernd og fleiri.

Starfsfólkið telur að skólinn nái jafnan því markmiði sínu að mæta nemendum og foreldrum með jákvæðni. Margt af því sem fram kom í viðtölunum rennir stoðum undir það. Foreldrar barna í Brúarskóla voru

spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með viðmót starfsfólks og reyndust 93% mjög eða frekar ánægð með viðmót starfsfólksins. Starfsfólkið sagðist leitast við að vinna með styrkleika nemendanna, hrósa þeim og styrkja sjálfsmynd þeirra. Sú sýn að góð líðan sé undirstaða betri hegðunar kom vel fram í viðtölunum við starfsfólkið. Það leggur ekki aðaláherslu á að nemendurnir bæti námsárangur í bóklegum greinum. Fram kom það sjónarmið að ef hegðunin væri vandamál og barnið færi ekki eftir fyrirmælum, auk þess að líða illa, þá gæti það hamlað námsárangri. Því sé rökrétt að í Brúarskóla sé sjónum fyrst beint að líðan og hegðun sem forsendu þess að barnið geti tileinkað sér námsefnið. Þannig geti barn hafa dregist verulega aftur úr í námi í almennum grunnskóla vegna vanlíðunar og truflandi hegðunar, í sumum tilfellum til lengri tíma. Með því að ná tökum á hegðuninni í Brúarskóla geti það leitt til þess að námsárangurinn batni þegar nemandinn fer aftur í heimaskólann, jafnvel þó að námsárangurinn batni lítið meðan barnið dvelur í Brúarskóla.

Þegar sótt er um skólavist í Brúarskóla þarf að fylla út umsókn. Þar þarf m.a. að koma fram, bæði á umsóknareyðublaði frá foreldrum eða forráðamönnum og skólanum, hver eru markmiðin með skólavistinni en þau snúa jafnan að hegðunarerfiðleikum líkt og markmið Brúarskóla gera ráð fyrir. Þegar nemandi er tekinn inn í skólann eru markmiðin rædd á samráðsfundi með þeim sem að málum barnsins koma, s.s. foreldrum eða forráðamönnum, fulltrúum skólans sem barnið kemur úr og starfsfólki Brúarskóla og sammælt um að hverju skuli stefnt. Það er í höndum umsjónarkennara hversu mikinn þátt nemandinn tekur í að skipuleggja nám sitt. Markmiðin eru síðan einn þáttur í mati á árangri skólavistar. Á þriggja til fjögurra mánaða fresti eru haldnir stöðumatsfundir þar sem Brúarskóli og þeir sem tengjast barninu koma saman, rifja upp markmiðin og meta hvernig gengur að ná þeim.

Hreyfing og útivist eru sérstakir áherslupættir samkvæmt gögnum skólans. Ekki fæst séð að unnið sé sérstaklega með þá þætti í skólastarfinu. Í samræmi við ákvæði aðalnámskrár fá allir nemendur fasta tíma í skólaíþróttum tvisvar í viku í nálægum íþróttahúsum. Starfsfólkið sagði að erfið hegðunarmál sem upp kæmu í íþróttatíma gætu reynt töluvert á vegna þess að ekki væri sérstök aðstaða til að vinna með nemendur sem missa stjórn á sér í íþróttatíma. Nemendur á miðstigi fara í sund einu sinni í viku eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir en nemendur á unglíngastigi fá ekki sundkennslu. Fram kom í viðtölum við kennara að það væri vegna þess hversu erfitt getur verið að takast á við óæskilega hegðun í því umhverfi. Hins vegar fá nemendur á unglíngastigi að fara í tækjasal í nálægri heilsuræktarstöð sem mælist vel fyrir. Í starfsmannahópnum kom fram það sjónarmið að börnin mættu gjarnan fá fleiri tækifæri til hreyfingar því oft hefðu þau mikla hreyfipörf og lítið úthald í bóklega vinnu. Aukin áhersla á skipulagða hreyfingu og útivist taldi starfsfólkið geta komið börnunum til góða en að erfitt gæti verið að koma slíku við.

Í markmiðum skólans er ekki fjallað sérstaklega um ofbeldishegðun. Vísað er í að unnið sé samkvæmt 5. kafla reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum en þar er í 13. grein fjallað um

líkamlegt inngríp í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar. Í samtölum við starfsfólk kom fram að tilfinning þess væri að þeim nemendum færi fjölgandi sem glímdu við ofbeldishegðun og að ofbeldið væri jafnframt að verða grófara. Í þeim tilfellum snúi markmið nemenda þá að vinnu með þann þátt. Skólinn vinnur nú að sérstakri athugun á skráningum vegna líkamlegra inngrípa sem tengjast ofbeldishegðun, m.a. til að leggja megi mat á það hvort fyrrgreind tilfinning starfsfólksins er á rökum reist.

Nemendur fá alltaf annað tækifæri ef þeir misstíga sig og missa stjórn á hegðun sinni. Leitast er við að greina barnið frá hegðuninni eins og einn starfsmaður lýsti því. Nauðsynlegt væri að geta séð að barnið er ekki hegðunin og að hegðunin er barninu erfið. Sem dæmi um þetta er það vinnulag sem viðhaft er þegar beita þarf líkamlegu inngrípi til að stöðva ofbeldishegðun. Nemandi er þá tekinn úr aðstæðunum og fær tækifæri til að jafna sig í einrúmi. Kennari ræðir síðan við hann um líðan hans fyrir og eftir að hann missti stjórn á sér og farið er yfir ástæður þess að atvikið kom upp. Eftir það heldur nemandinn áfram að taka þátt í skólastarfinu og atvikið er fyrirgefið og ekki rætt frekar í skólanum. Foreldrar fá upplýsingar um stærri mál með símtali í lok dags eða í tölvupósti frá umsjónarkennara. Nálgun skólans í þessu samhengi er mikilvæg fyrir barn sem á við hegðunarvanda að stríða auk þess sem foreldrar eru ánægðir með að ekki er hringt í þá og óskað eftir að þeir sæki barnið eins og gjarnan er gert í almennum grunnskólum ef barn beitir ofbeldi.

Ábendingar

Markmið hvers nemanda með skólavistinni eru skýr. Það er einn af styrkleikum skólastarfsins að þess er gætt að þeir sem tengjast nemandanum sammælast um það að hverju skuli stefnt.

Í Brúarskóla á að leggja áherslu á jákvæðni, virðingu og fyrirgefningu. Úttektin leiðir í ljós að áhersla er lögð á þessa þætti í skólastarfinu og þeir endurspeglast í því hvernig starfsfólkið nálgast starf sitt og talar um það. Foreldrarnir lýstu ánægju sinni með viðmót starfsfólksins en í skólanum er leitast við að sýna skilning á mismunandi vanda og ólíkum aðstæðum barna. Endurskoða þarf stefnu skólans, hlutverk og markmið í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum. Skólanum er samkvæmt gildandi markmiðum ætlað að vera tímabundið úrræði en raunin er að í sumum tilfellum er skólinn langtímaúrræði og þurfa markmiðin að taka mið af því. Sú sérstaka áhersla sem finna má í gögnum skólans á útivist og hreyfingu hentar vel fyrir nemendurna. Æskilegt er að skólinn endurskoði skipulag starfsins með það að markmiði að gefa nemendum reglubundin tækifæri til skipulagðar útivistar og hreyfingar. Huga mætti að tengslum hreyfingar og kennslu bóklegra greina.

Starfi í Brúarskóla fylgir álag af ýmsum toga sem nánar verður fjallað um síðar en skólinn er hvattur til að hraða yfirstandandi athugun sinni á þróun ofbeldishegðunar. Niðurstöður þeirrar athugunar gætu orðið hluti af umfangsmeira mati á starfsumhverfi starfsfólks Brúarskóla.

Skólustarf í Brúarskóla

Skólavist í Brúarskóla er ætlað að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla sem felur í sér að þeim er einungis ætlað að dvelja þar tímabundið. Af þessu leiðir að skólustarfið er um margt frábrugðið skólustarfi í almennum grunnskólum. Inntaka nemenda er byggð á sérstökum forsendum og fer eftir ákveðnu ferli. Meðan nemandinn er í skólanum er lögð áhersla á mótun hegðunar auk þess sem unnið er samkvæmt aðalnámskrá. Flutningur nemanda aftur í almennan skóla er síðan sérstakt viðfangsefni. Eftirfarandi umfjöllun tekur mið af þessari sérstöðu og leitast er við að tengja umfjöllunina sjónarmiðum starfsfólks Brúarskóla og stjórnenda almennra grunnskóla sem unnið hafa með Brúarskóla. Þar sem hluti nemenda Brúarskóla fer ekki til baka í almennan grunnskóla er hér fjallað sérstaklega um stöðu skólans sem langtímaúrræðis.

Frá og með skólaárinu 2013-2014 og til ársloka 2018 hafa 105 nemendur verið í Brúarskóla. Kynjaskipting þessa hóps er 90,5% drengir og 9,5% stúlkur. Á hverju skólaári eru um 35-40 nemendur í skólanum og þar af eru að jafnaði um 10 nemendur í Brúarseli og Brúarhúsum, fjórir til fimm á hvorum stað.

Eins og sjá má í töflu 1 koma flestir nemendanna úr skólum sem Reykjavíkurborg rekur eða 95 nemendur. Tafla 1 sýnir 112 nemendur þótt þeir hafi verið 105. Það er vegna þess að af þeim nemendum sem komu tvisvar í skólann komu sjö nemendur úr öðru hverfi eða sveitarfélagi þegar þeir komu í seinna skiptið.

Tafla 1. Fjöldi nemenda eftir skólahverfi / sveitarfélagi

Skólahverfi / sveitarfélag	Fjöldi nemenda
Árbær og Grafarholt	22
Breiðholt	27
Grafarvogur og Kjalarnes	22
Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir	10
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	14
Nágrenni Reykjavíkur	12
Reykjanes	2
Sjálfstætt starfandi skólar	3
Heildarfjöldi	112

Í nóvember 2018 voru fyrirbyggjandi 22 umsóknir um skólavist, 15 vegna barna í Reykjavík og sjö vegna barna í nálægum sveitarfélögum.

Í Vesturhlíð eru nemendur í 4.-10. bekk en í Brúarseli og Brúarhúsum eru nemendur á miðstigi úr nærliggjandi hverfum. Unglingadeildin er því sérstaða starfsstöðvarinnar í Vesturhlíð en þar eru einnig þeir yngri úr

nærleggjandi hverfum og nemendur sem þurfa meiri þjónustu en hinir staðirnir bjóða. Í samtölum við starfsfólk kom ítrekað fram að það væri þeirra reynsla að skólastarfið skilaði betri árangri hjá yngri nemendum og að flóknara væri að hafa áhrif á erfiða hegðun nemenda á unglingastigi. Rétt er að geta þess að börn í Reykjavík sem eru í 3. bekk eða yngri fá forgang þegar kemur að afgreiðslu umsókna um ráðgjöf hjá ráðgjafarsviði Brúarskóla.

Rétt eins og vandi nemenda er ólíkur er mismunandi hversu lengi þeir stunda nám í skólanum. Ef miðað er við útskrifaða nemendur síðastliðin fimm ár og sumarleyfi ekki talin með þá er meðallengd skólavistar nemenda í Brúarskóla 14 mánuðir, styst hafa nemendur verið í skólanum í einn mánuð en lengst í 48 mánuði. Ef einungis er horft til þeirra nemenda sem eru í starfsstöðinni Vesturhlíð þá er meðallengd skólavistar um 15 mánuðir, stysta dvöl einn mánuður og lengsta dvöl 48 mánuðir. Meðallengd skólavistar nemenda í Brúarseli er einnig 15 mánuðir. Styst hafa nemendur verið þar í níu mánuði og lengst í 23 mánuði. Einn nemandi var færður úr Brúarseli í Vesturhlíð og er hann ekki tekinn með í þessa útreikninga. Meðallengd skólavistar nemenda í Brúarhúsum er um 10 mánuðir, styst tveir mánuðir en lengst 14 mánuðir. Einn nemandi var færður úr Brúarhúsum í Vesturhlíð og er hann ekki tekinn með í þessa útreikninga. Nemendur sem hafa útskrifast úr Brúarskóla en komið aftur í skólann á þessu tímabili eru átta. Meðallengd heildarskólavistar þeirra í Brúarskóla er 36 mánuðir en þar eru ekki meðtaldir þeir sem enn stunda nám við skólann. Meðallengd skólavistar hjá þeim nemendum sem nú eru í Brúarskóla er 15 mánuðir.

Nám og mat á árangri skólavistar

Til að fá mynd af árangri skólans við að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla var leitað áhlits stjórnenda í grunnskólum. Sendur var spurningalisti til 24 almennra grunnskóla sem tengjast 42 nemendum. Þeir skólar sem fengu sendan spurningalista áttu það sameiginlegt að hafa reynslu af kennslu nemenda sem sótt höfðu nám í Brúarskóla tímabundið og komið síðan aftur í heimaskólann sinn á tímabilinu 2013-2018. Nöfn skólanna voru fengin frá Brúarskóla. Svör bárust frá 20 skólum. Þrír þeirra skiluðu auðu, t.d. vegna þess að þeir sem þekktu viðkomandi mál höfðu látið af störfum. Svör skólanna eru hér á eftir felld inn í umfjöllun um skólastarfið í Brúarskóla. Einnig er vísað til athugasemda frá rýnihópum með starfsfólki Brúarskóla og í viðtöl við stjórnendur í átta grunnskólum eftir því sem við á.


Þegar sótt er um skólavist fyrir barn í Brúarskóla gera bæði foreldrar og skóli grein fyrir ástæðum umsóknar. Það eru jafnan hegðunarerfiðleikar sem verða til þess að barnið nær ekki tókum á skólavist í almennum grunnskóla og oft er ofbeldishegðun hluti af vandanum. Í bóknámi eru nemendurnir oft á eftir jafnöldrum sínum en sú staða getur m.a. komið til af því að hegðunarvandinn hefur haft neikvæð áhrif á bóknámið.

Skólastjórnendurnir voru spurðir hvaða árangri þeim fyndist almennt mikilvægast að Brúarskóli skilaði sem skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum, hegðunar- eða félagslegum erfiðleikum. Í svörum sínum lögðu

flestir stjórnendanna áherslu á að líðan barnanna yrði betri sem og hegðunin og færni í samskiptum. Starfsfólk Brúarskóla var almennt á sömu skoðun og bent var á að góð líðan væri oft undirstaða fyrir frekara nám.

Stjórnendurnir voru einnig beðnir að hafa í huga nemanda sem þeir mundu eftir og stundað hafði nám í Brúarskóla og svara tilteknum spurningum með hann í huga. Ef sá sem svaraði hafði unnið með fleiri nemendum en einum var óskað eftir að tekið væri mið af nýjustu reynslunni. Spurt var hvaða þrír af tilgreindum 11 þáttum hefðu breyst mest til batnaðar eftir dvöl nemandans í Brúarskóla, sumir kusu að merkja við fleiri en þrjá þætti, sjá mynd 1.

Mynd 1. Hvað breyttist mest til batnaðar við dvöl barnsins í Brúarskóla?



Eins og sjá má af mynd 1 þá átti það við um flesta að hegðunin breyttist mest og ofbeldishegðun minnkaði. Einnig voru þeir í meirihluta sem merktu aukna færni í samskiptum bæði við kennara og samnemendur. Hins vegar tiltóku fáir bættan námsárangur eða aukinn áhuga á náminu. Þessi sýn stjórnenda og upplifun af árangri dvalar í Brúarskóla er í samræmi við áherslur skólans á mótun hegðunar og bættu líðan. Að sögn starfsfólks Brúarskóla ræður námsárangur almennt litlu um mat á árangri af dvöl í skólanum og því hvort nemandi er talinn fær um að fara aftur í heimaskólann sinn eða ekki. Í viðtölum var starfsfólkið spurt um árangur af skólastarfinu og var þá tekið sem dæmi að fyrstu merki um árangur gætu falist í því að barnið talaði um það sjálft að því liði vel í skólanum. Einnig kæmi það fyrir að foreldrarnir segðu frá jákvæðum breytingum á hegðun heima áður en starfsfólkið væri farið að merkja breytingar á hegðun í skólanum.

Einn liður í mati á árangri er mæting. Vanlíðan nemandanna í almenna skólanum getur hafa brotist þannig út að nemandinn mæti illa eða rjúki út úr tímum. Við upphaf náms í Brúarskóla er lögð áhersla á að nemandi mæti reglulega í skólann til að sýna áhuga á skólavistinni. Þannig getur árangur falist í því að nemandi mæti, sitji í tímum og hætti að tala stöðugt um að hringja heim og vilja fara heim. Þróun erfiðrar hegðunar getur líka gefið vísbendingar um árangur. Skráning á ofbeldisvíkum er skýr í skólanum líkt og kveðið er á um

Í reglugerð. Atvik eru skráð, aðdragandi og afleiðingar, hverjir komu að atvikinu, hvernig það fór fram og áverkar á nemanda og öðrum eftir því sem við á. Skráninguna er hægt að nota við mat á breytingum á tíðni ofbeldis en unnið er að bættri nýtingu þeirra upplýsinga við mat á árangri og framförum nemenda. Starfsfólkið talaði um að það væri tilfinning þeirra að ef barninu líði vel væri líklegt að það drægi úr ofbeldishegðuninni.


Hver nemandi hefur svokallaða hvatningabók sem notuð er við mat á árangri. Jafnt og þétt yfir skóladaginn eru þar skráðar upplýsingar um hegðun og hvernig nemandanum gengur að vinna að tilgreindum markmiðum. Nemendur hafa persónuleg viðmið bæði um markmið sem unnið er að og það hversu löng tímabil unnið er með hverju sinni. Markmiðin eru fá, skýr og skilgreind. Hvatningakerfið sem unnið er eftir í skólanum felur í sér stöðugt mat á þeim þáttum sem settir eru í forgrunn fyrir hvern nemanda. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum geta nemendur unnið sér inn umbun og eins getur áminning sem fylgir óæskilegri hegðun dregið úr líkum á umbun. Starfsfólk fylgir því eftir með samræmdum hætti að leiðrétta alla óæskilega hegðun. Með atferlismótandi aðferðum skólans er öll óæskileg hegðun stöðvuð með það að markmiði að styðja nemandann og fá fram þá hegðun sem æskileg er til að hann geti farið aftur í almennan skóla. Í rýnihópi með starfsfólki kom fram að þess væri vænst að nemandi átti sig á því að með góðri hegðun geti hann unnið sér inn umbun og haft áhrif á það sem fram fer og fundið persónulegan styrk í því. Í könnunum sem gerðar voru kom fram það sjónarmið, bæði frá foreldri og stjórnendum, að aðferðir við mótun hegðunar þyrftu að vera fjölbreyttari, m.a. til að mæta betur mismunandi vanda nemenda.

Brúarskóli reynir að halda því markmiði á lofti að barnið fari aftur í almennan skóla og að það sé jákvætt skref. Ákvörðun um það hvenær leiða eigi nemanda aftur í heimaskóla er tekin á stöðumatsfundi þar sem eru auk starfsmanna Brúarskóla, foreldrar, heimaskóli og þjónustuaðilar. Barnið sjálft og foreldrarnir koma líka að matinu og ákvörðuninni. Þá er m.a. skoðað hvernig nemandanum hefur gengið að ná markmiðum í hvatningabók. Innleiðing nemenda í almennan grunnskóla að lokinni dvöl í Brúarskóla tekur mið af þörfum hvers og eins. Brúarskóli leitast við að styðja það ferli með ýmsum hætti. Haft er samband við heimaskólann og rætt hvernig tekið verður á móti barninu, að hverju þarf að huga og hvernig viðhalda megi þeim árangri sem náðst hefur. Þess ber að geta að sumir nemendur sem útskrifast frá Brúarskóla og eru leiddir inn í almennan skóla ganga þar að sérúrræðum sem ákveðin hafa verið í samráði við Brúarskóla. Þegar innleiðingin hefst fer umsjónarkennarinn úr Brúarskóla með nemandanum og er með honum í skólanum. Byrjað er rólega og stutt í einu og fylgst náið með samskiptum nemandans. Tíminn er síðan lengdur eftir því sem hentar hverju sinni og Brúarskólakennarinn dregur sig smátt og smátt í hlé. Ferlið getur tekið allt að einn mánuð. Ef aðlögunin reynist nemandanum erfið og í ljós kemur að hann er ekki alveg tilbúinn þegar á hólminn er komið er hægt að hægja á ferlinu eða hætta við.

Rúmlega 80% stjórnenda voru mjög eða frekar ánægð með ráðgjöf Brúarskóla í tengslum við aðlögun nemenda aftur í heimaskóla. Þá var spurt nánar


hvernig þeim hefði fundist aðlögun nemenda ganga eftir dvölinu í Brúarskóla. Eins og sjá má á mynd 2 fannst flestum aðlögunin ganga frekar vel.

Mynd 2. Hvernig fannst þér aðlögun nemandans í heimaskóla ganga eftir dvölinu í Brúarskóla?



Stjórnendunum gafst tækifæri til að gera nánari grein fyrir svörum sínum. Þar var Brúarskóla hrósað fyrir aðkomu skólans að aðlöguninni en einnig kallað eftir stuðningi yfir lengri tíma þótt ekki hafi allir verið á einu máli um það. Einn stjórnandi sagðist hafa reynslu af að leita til Brúarskóla þegar bakslag kom í aðlögunina og þá gat starfsmaður Brúarskóla komið málinu aftur í réttan farveg. Í viðtali lýsti stjórnandi góðu faglegu samstarfi við Brúarskóla sem sneri að mati á því hvort og hvenær nemandinn gæti komið aftur í heimaskóla. Hjá stjórnendunum kom fram sú hugmynd að gott væri ef nemandi gæti fengið að fara aftur í stutta upprifjun í Brúarskóla ef bakslag kæmi í ferlið. Það virðist vera sem stundum gangi vel í byrjun en sækir í sama farið þegar frá líður og þá myndu skólarnir vilja fá stuðning eða endurmat á stöðunni. Í einhverjum tilfellum telja stjórnendur að ef mál sækir í sama farið eftir að aðlögun er lokið geti verið ástæða til að skoða hvort viðkomandi nemandi þyrfti lengri tíma í Brúarskóla eða hugsanlega dvöl í langtímaúrræði. Að sögn starfsfólks Brúarskóla er skólum og foreldrum velkomið að hafa samband eftir að aðlögun í heimaskóla er lokið. Starfsfólk Brúarskóla segist hvetja skóla og foreldra til að hafa samband fyrr frekar en síðar, áður en nemandinn kann að missa tökin. Kennarar Brúarskóla sögðust kynnast nemendum sínum mjög vel og í sumum tilfellum gæti ein hvetjandi heimsókn frá kennara Brúarskóla verið það sem nemandinn þarf eða nokkrar stuttar heimsóknir í einhverjar vikur. Stundum gæti líka samtali við kennara hjálpað. Spurt var hvort skólastjórnendur teldu þann árangur sem nemandi náði í Brúarskóla hafa varað þegar frá leið, aukist eða minnkað. Hver stjórnandi hafði einn nemanda í huga þegar spurningunni var svarað. Það lætur nærri að svörin megi flokka í þrjá álíka stóra hópa, þá sem telja árangurinn hafa aukist, þá sem telja árangurinn hafa haldist svipaðan og þá sem telja hann hafa minnkað, sjá mynd 3.

Mynd 3. Telur þú að sá árangur sem nemandinn náði í Brúarskóla hafi breyst eftir sem lengra leið eftir að hann kom aftur í heimaskóla?



Í athugasemdum árétta stjórnendur að það hvort árangurinn eykst eða minnkar ráðist m.a. af því hver undirliggjandi vandi nemandans er. Þannig segir einn stjórnandi að ef vandinn er fyrst og fremst hegðun þá náist meiri og varanlegri árangur en ef vandinn er fjölþættur.

Eitt sjónarhorn á árangur Brúarskóla snýr að tímanum og hverju skólavistin skilar þegar til lengri tíma er litið. Erfitt er að meta árangur til langs tíma fyrir þá einstaklinga sem fengið hafa skólavist í Brúarskóla þar sem vistin er mislög og undirliggjandi vandi hvers og eins sérstakur sem og fjölskylduaðstæður ólíkar. Þar sem skólinn leggur áherslu á að bæta líðan og hegðun nemandans en ekki námsárangur væri það vart viðeigandi mælikvarði að skoða námsgengi síðar á lífsleiðinni eins og gjarnan er gert, svo sem árangur á samræmdum prófum eða á næsta skólástigi. Með hliðsjón af markmiðum skólans um betri hegðun og bættu líðan er vonandi að til framtíðar skili skólavistin sér í innihaldsríkara lífi.

Nemendur fara ekki í öllum tilfellum aftur í þann skóla sem þeir komu úr. Það getur breyst af ýmsum ástæðum, t.d. vegna þess að fjölskyldan hefur flutt milli hverfa eða þá að ekki er talið heppilegt að nemandinn fari aftur í sama skóla af einhverjum ástæðum. Í viðtölum við starfsfólk Brúarskóla kom fram að mikilvægt væri að fljótt lægi fyrir í hvaða skóla barnið ætti að fara að lokinni dvöl. Ákjósanlegast væri að það væri ákveðið við innritun í skólann. Nefnd voru dæmi um að það taki of langan tíma að finna skóla fyrir nemanda sem væri tilbúinn til að fara í almennan skóla. Ef það tæki langan tíma að finna skóla gæti það dregið úr áhuga nemandans, árangri og trú hans á að hann geti farið til baka. Það gæti orðið til þess að fylla hann vonleysi og draga úr trú hans á eigin getu. Sagt var að upp gæti komið sú staða að barn væri lengur en þörf væri á í Brúarskóla vegna þess að bakslag kæmi í framfarirnar þegar of langan tíma tæki að finna skóla fyrir barnið. Starfsfólk talaði um að erfitt væri að verða vitni af slíkum vonbrigðum barns.

Langtímaúrræði

Samkvæmt skráðum markmiðum er Brúarskóli tímabundið úrræði og nemendum ætlað að fara þaðan í almenna grunnskóla. Þó svo þetta markmið sé skýrt þá hafa tíu nemendur á sl. fimm árum verið til lengri tíma í Brúarskóla. Þeir eiga það sameiginlegt að ekki var talið mögulegt að leiða þá aftur inn í almenna grunnskóla. Nemendur sem ekki fóru aftur í almenna skóla dvöldu að meðaltali í Brúarskóla í 38 mánuði eða um fjögur ár, stysta dvölin var 27 mánuðir og lengsta 52 mánuðir, sumarleyfi ekki talin með. Ekki eru neinar vísbendingar um annað en að áfram muni verða þörf fyrir langtímaúrræði utan almennra grunnskóla fyrir a.m.k. tvo til þrjá nemendur á ári en viðtöl við stjórnendur í grunnskólum benda til þess að þörfin sé jafnvel meiri.

Í samfélaginu er ekki fyrir hendi sérhæft úrræði til að mæta þörfum nemenda sem ekki eru taldir ráða við skólavist í almennum grunnskóla vegna hegðunarerfiðleika. Af samtölum við starfsfólk Brúarskóla að dæma er ljóst að bregðast þarf við þessari breytingu á starfseminni ef þetta á að vera eitt af hlutverkum Brúarskóla til framtíðar. Þá þarf að endurskoða markmið og kennsluhætti til að skólinn geti með markvissari hætti mætt nemendum sem komnir eru til langdvalar.

Upp komu vangaveltur í viðtölum við starfsfólk um það hvort betra væri að Brúarskóli myndi mæta nemendum sem dvelja langdvölum í skólanum með öðrum aðferðum. Skoða mætti skiptingu skólastarfsins í deildir og aukna fjölbreytni í úrræðum. Þá mætti meta stöðu hvers nemanda eftir tiltekinn tíma til að greina hvort langtímaúrræði hentaði betur og endurmeta þá stöðu hans og kennsluáferðir sem að honum snúa með hliðsjón af því. Starfsfólk skólans vakti athygli á því að horfa þyrfti til þess hvaða áhrif það hefði á nemanda að vera allt að fimm ár af sinni tíu ára skólagöngu í sérskóla þar sem flestir nemendanna koma og fara og þar sem ofbeldi og óæskileg hegðun samnemenda er daglegt brauð. Einnig þyrfti að skoða áhrif þess á sjálfsmynd nemenda að sitja alltaf eftir þegar aðrir koma og fara.

Ef nemendur dvelja langdvölum í skólanum og glíma við alvarlega ofbeldishegðun sem illa gengur að draga úr þarf að skoða ígrundað hvað veldur því og hvernig bregðast má við. Starfsfólk skólans velti fyrir sér hvort vera kynni að eitthvað í áherslum skólans hentaði ekki þeim nemendum sem glíma við mjög erfiða ofbeldishegðun og hafa verið lengi í skólanum. Ýmsar aðstæður geta orðið til þess að skoða þurfi aðrar hugsanlegar leiðir til að bæta hegðun og mæta þörfum þeirra sem dvelja langdvölum í Brúarskóla.

Í samtölum við starfsfólk kom fram að skoða mætti hvort innan skólans væri hægt að hafa einhvers konar gæslu sem ekki væri í höndum kennara. Gæslan væri þá til að tryggja að nemandinn færi sér ekki að voða og beitti ekki ofbeldi en kennari kæmi síðan að kennslu sem sérfræðingur á því sviði án þess að vera í hlutverki þess sem sinnir gæslu. Önnur tengd hugmynd var að skólinn væri ekki skilgreindur sem grunnskóli og félli ekki undir lög um grunnskóla. Það gæti gefið starfinu meira svigrúm ef ekki lægi fyrir sú krafa að fylgja aðalnámskrá og leitast við að uppfylla það sem þar er sett fram. Það væri

tílefni til að skoða hvort úrræði með aðra áherslu gæti betur mætt andlegum vanda og hegðunarvanda ef minni orka færi í að sinna hlutverki almenns skóla. Þá væri hugsanlegt að byggja upp dagvistunarræði með tómsunda, félags- og heilbrigðisþjónustu með ríkri áherslu á athafnir daglegs lífs. Þannig gæti orðið til heildræn þjónusta sem stæði þessum börnum til boða allt árið um kring með samstarfi fagaðila með ólíka menntun, færni og reynslu.

Ábendingar

Mat Brúarskóla á árangri nemenda og því hvenær þeir geti farið í almennan skóla er í skýrum farvegi. Það er unnið í náninni samvinnu við þá sem að barninu standa og er byggt á ýmsum þáttum tengdum þeim markmiðum sem sett voru í upphafi skólavistarinnar.

Leita þarf leiða til að tryggja að nemandi eigi víst pláss í tilteknum skóla eftir nám í Brúarskóla og þarf það að liggja fyrir snemma í ferlinu. Þessi ályktun er m.a. dregin af samtölum við starfsfólk sem lýsti því hvernig nemendur voru taldir tilbúnir til að fara í almennan skóla en ef langan tíma tók að finna skóla hafði það neikvæð áhrif á nemandann og gat leitt til þess að bakslag kom í það jákvæða ferli sem hafið var.

Það hvernig staðið er að aðlögun í almenna skóla eftir dvöl í Brúarskóla virðist vera í góðum farvegi. Athugasemdir stjórnenda í grunnskólum vekja spurningar um hvort styrkja mætti aðlögunina með því að halda virkara sambandi yfir lengri tíma. Brúarskóli segist hvetja skólana til að hafa samband ef bakslag verður en skólarnir kalla eftir lengri stuðningi. Hugsanlega þarf að koma samstarfinu í formlegri farveg til lengri tíma.

Lengd skólavistar í Brúarskóla er að meðaltali 14 mánuðir eða um eitt og hálf skólaár. Staða hvers barns er metin reglulega og eðlilegt að það ráðist af einstaklingsbundnum þörfum hversu löng skólavist hvers og eins er. Þó má velta því upp hvort viðeigandi gæti verið að setja ákveðið tímamark sem viðmið ef dvölin dregst á langinn og endurskoða þá stöðu nemandans af enn meiri dýpt og eftir því sem við á að leita nýrra leiða. Í skóla þar sem áhersla á hegðun er í fyrirrúmi og bóknámið ekki í brennidepli getur þurft að endurmeta markmiðin, sérstaklega ef unnið er með hegðunina á kostnað bóknámsins til lengri tíma.

Svör skólastjórnendanna benda til þess að í einhverjum tilfellum vari árangurinn einungis stutt. Kallað var eftir því að senda mætti nemanda til baka ef ekki tækist að viðhalda til langs tíma þeim árangri sem náðist í Brúarskóla. Lagt er til að þessi þáttur verði skoðaður sérstaklega og tengdur reglubundnu sjálfsmati Brúarskóla. Það er keppikefli allra að góður árangur haldist og þess vegna er til mikils að vinna ef hægt er að skilja betur hvað styður það að árangur skólasterfsins haldist sem lengst eða aukist.

Skólakerfið þarf að leggja áherslu á að mæta nemendum með hegðunarvanda þegar þeir eru ungir. Sú stefna að setja yngri nemendur í forgang hjá ráðgjafarsviðinu er spor í rétta átt. Minni árangur eldri nemenda tengist því án efa að erfiðara er að breyta hegðun sem fengið hefur að festa

síðir í sessi en samt sem áður er mikilvægt að leita allra leiða til að styðja þá sem eldri eru. Markviss endurskoðun á aðferðafræði í kennslu á unglíngastigi væri ein leið til þess. Skólinn er hvattur til að skoða unglíngastigið sérstaklega og kanna hvort leggja ætti enn meiri áherslu á að aðgreina þær aðferðir sem notaðar eru með yngri og eldri nemendum. Það verkefni mætti tengja vinnu með fjölbreytni námsleiða og kennsluhátta sem nánar verður vikið að síðar.

Brúarskóli getur veitt 35-40 nemendum skólavist í einu. Heildarfjöldinn ræðst af samsetningu nemendahópsins hverju sinni. Ekki er hægt að fullyrða að umsóknir um skólavist endurspegli þörfina því skólastjórnendur eru meðvitaðir um hversu erfitt er að fá skólavist. Það getur orðið til þess að þeir sækja síður um, bíða lengur með að sækja um eða láta nemendur sem glíma við ofbeldishegðun ganga fyrir.

Við gagnaöflunina komu fram vísbendingar um að eðli hegðunarerfiðleika nemenda réðu töluverðu um hraða málsmeðferðar. Fram kom að ef nemendur beita ofbeldi í almennum skólum kallar það á snör viðbrögð og hugsanlega forgang í Brúarskóla. Nemandi sem finnur sig illa í almennum grunnskóla og mætir sjálfur þeim vanda með því að skröpa í skólann, svo dæmi sé tekið, getur þurft að bíða mun lengur eftir stuðningi en sá sem beitir ofbeldi. Afar ólíklegt er að sá sem mætir illa fái skólavist í Brúarskóla þó svo það gæti hentað honum vel að fá tækifæri til að vera í fámennu samfélagi með miklu aðhaldi eins og er í Brúarskóla. Nauðsynlegt er að styðja skóla og nemendur vegna erfiðrar hegðunar, hvernig sem hún birtist, hratt og örugglega. Bið eftir skólavist í Brúarskóla er of löng. Leita þarf allra leiða til að stytta biðlista eða koma fram með önnur úrræði til stuðnings börnunum og skólum svo bregðast megi hraðar við.

Af svörum við spurningalistum og samtölum við stjórnendur að dæma er ljóst að þörf er á langtímaúrræði eða -úrræðum fyrir nemendur sem illa gengur að fóta sig í almennum grunnskóla. Skoða þarf ýmsar hliðar málsins, svo sem aðkomu fleiri fagstétta eða stofnana. Vera kann að í þessum hópi séu eða muni verða nemendur sem þurfa bæði kennara og sérfræðinga úr öðrum fagstéttum til að sem bestur árangur náist. Þannig gæti kennarinn sett þunga starfsins á kennsluþáttinn og hæfniviðmið aðalnámskrár ef aðrir sérfræðingar ynnu meira með hegðunina og aðra þætti, svo sem athafnir daglegs lífs.

Núverandi staða kallar á að skólinn breyti markmiðum sínum og aðlagi starfið að tvöföldu hlutverki, þ.e. þörfum bæði þeirra nemenda sem dvelja í skólanum tímabundið og hinna sem dvelja þar til lengri tíma. Ef fela á Brúarskóla þau hlutverk til framtíðar að vera bæði skammtíma- og langtímaúrræði þarf að veita skólanum svigrúm og stuðning til að þróa starfsemina og kynna sér hugsanlegar útfærslur til að mæta þessum tveimur hlutverkum sem best.

Kennarastarf í Brúarskóla

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að hvaða hæfnipáttum skuli stefnt með námi í grunnskólum og eru þeir skilgreindir fyrir námssvið og námsgreinar. Hvernig kennslan fer fram er val hvers skóla en við val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs á að leitast við að efla með nemendum áhuga og vinnugleði. Vönduð kennsla sem aðlöguð er að þörfum hvers nemanda er sögð muni auka líkur á árangri. Í ljósi þessa og athugasemdar sem gerð var við Brúarskóla árið 2013 er hér á eftir fjallað um kennsluhætti.

Það gefur starfi kennara í Brúarskóla sérstöðu að hegðunarbúi nemendanna er mikill og getur falið í sér ofbeldishegðun. Þess vegna er hér sérstök umfjöllun um hvernig það er að vera kennari í slíku umhverfi.

Meðal þess sem greinir Brúarskóla frá almennum grunnskólum er að fjöldi starfsfólks miðað við nemendafjölda er mikill enda þurfa nemendur mikla leiðsögn allan skóladaginn. Við skólann starfa alls 46 starfsmenn. Stjórnendur eru sex, stuðningsfulltrúar sjö, atferlisþjálfarar þrír og aðrir starfsmenn sjö. Kennarar við skólann eru 23 og hafa þeir allir leyfisbréf til kennslu. Hlutfall karla og kvenna er tiltölulega jafnt eða 54% (25) karlar og 46% (21) konur. Af starfsmönnum 46 hafa 12 starfsmenn unnið við skólann í 10 ár eða lengur. Ef horft er til þeirra starfsmanna sem helst koma að starfi með börnum, að undanskildum stuðningsfulltrúum, er meðalstarfsaldur 7,6 ár en hjá stuðningsfulltrúum er hann 1,7 ár. Starfsfólkið skiptist á starfsstöðvarnar þrjár sem hér eru til umfjöllunar og ráðgjafarþjónustuna auk þess sem tiltekið starfsfólk starfar á BUGL og Stuðlum. Einnig eru ákveðnir starfsmenn sem fara á milli allra starfsstöðva. Í starfsáætlun Brúarskóla má finna greinargóðar starfslýsingar fyrir öll störf við skólann

Kennsluhættir og símenntun

Í heildarmati sem Reykjavíkurborg gerði á Brúarskóla árið 2013 kom fram gagnrýni á náms- og kennsluhætti. Það var talið til veikleika í skólastarfinu að fjölbreytni í námsleiðum og kennsluháttum væri lítil í bóklega hluta námsins og að námið kæmi í öðru sæti á eftir hegðunarmótun. Fjölbreytni náms- og kennsluhátta er enn til umræðu innan skólans þar sem breytingum þykir miða hægt. Haustið 2018 var fjölbreytni kennsluhátta tekin til sérstakrar umræðu á skipulagsfundum og settar fram vissar hugmyndir. Ekki kom fram að unnið hefði verið áfram með þær. Kennararnir töluðu um að í umræðu um kennsluhætti og námsleiðir þyrfti að horfa til sérstöðu nemendahópsins. Í skólanum væru ólíkir einstaklingar, t.d. vanvirkir og áhugalausir nemendur sem erfitt væri að virkja og enn aðrir sem erfitt væri að fara með út fyrir skólalóðina vegna hegðunarbúna. Þetta gæti dregið úr möguleikum til fjölbreytni í kennsluháttum.

Reynslumikið starfsfólk í skólanum talaði um að á undanförunum árum hefðu orðið breytingar á samsetningu nemendahópsins sem hefðu haft áhrif á fyrirkomulag skólastarfsins. Nefnt var að áður fyrr hefðu kennarar farið með

nemendurna í ferðir, t.d. með strætó, og þá hefði gefist tækifæri til að læra á strætókerfið, klukkuna og fleira tengt því. Nú væru slíkar ferðir nánast aflagðar því hópurinn væri það þungur að starfsfólkið treysti sér ekki til að fara með nemendurna út fyrir skólalóðina. Auk þess hefði aukin tölvunotkun undanfarin ár líka haft áhrif. Nemendur kysu nú tölvur fram yfir margt annað sem áður þótti spennandi, áhugavert og hvatti til náms. Tölvunotkun væri í sumum tilfellum farin að hafa áhrif á svefntíma og hefði neikvæð áhrif á líðan nemenda. Jafnframt kom fram það sjónarmið að horfa þyrfti til þess að nemendurnir sem ættu að fara aftur í heimaskólann yrðu að læra að tileinka sér þau vinnubrögð sem þar væru viðhöfð. Þess vegna væri mikilvægt að þjálfa hjá þeim vinnuúthald og þá hæfni sem þarf til að sitja og vinna. Nefnt var að þeirri gagnrýni sem fram kom 2013 um fábreytni kennsluhátta hefði mátt fylgja eftir með námskeiðum eða fræðslu á því sviði en í ljósi sérstöðu nemendahópsins þyrfti að nálgast þetta viðfangsefni með öðrum hætti en í almennum grunnskólum.

Starfsfólkið nefndi ýmsar hugmyndir um hvernig vinna mætti frekar með útfærslu skólastarfsins. Til dæmis komu fram hugmyndir um fljótandi stundatöflu og sveigjanlegri ramma til að vinna mætti meira með áhugasvið einstakra nemenda. Leita mætti leiða til að gefa nemendum meira svigrúm til að hafa áhrif á skólastarfið. Ein nálgun væri að kynna fyrir þeim ýmsar verklegar greinar. Svo mætti í ríkara mæli tengja athafnir daglegs lífs við áherslur bóknámsins. Einnig var nefnt að fleiri valgreinar gætu hugsanlega gefið starfsfólkinu svigrúm til að njóta styrkleika sinna betur og ýta undir fjölbreyttari kennsluhætti. Einn kennarinn sagði að kjarni málsins væri að leita leiða til að nýta tíma nemendanna í Brúarskóla sem best til að árangur verði sem mestur á sem stystum tíma.

Í skólanum er unnið með ART-kerfið (Aggression Replacement Training). Markmið þess er að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Nemendur í skólanum fá þjálfun byggða á ART en tiltekinn starfsmaður sér um ART-kennsluna og hefur til þess sérstök réttindi. Meðal starfsfólksins var nefnt að það gæti styrkt skólastarfið ef fleira starfsfólk hefði réttindi til ART-kennslu eða sú hugmyndafræði yrði tengd betur við allt skólastarfið. Einnig var rætt um hugsanlegar kynningar á öðrum kerfum.

Starfsfólkið nefndi símenntun sérstaklega sem lið í að efla skólastarfið. Fyrirliggjandi er áætlun um símenntun fyrir starfsárið 2018-2019 og er hún birt í starfsáætlun skólans. Hún er m.a. byggð á könnun sem lögð er fyrir starfsfólkið að vori þar sem spurt er hvað fólk vilji helst fræðast um á komandi skólaári. Reynt er að bjóða fyrirlestra á skipulagsdögum og einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Þannig hafa verið fengnir sérfræðingar til að fjalla um ýmis málefni sem tengjast starfi skólans. Einnig hefur starfsmannahópurinn farið utan og heimsótt sérskóla. Stefnt er að ferð til London til skólaheimsóknna á komandi vori. Þar sem sérhæfing skólans er mikil er skiljanlega horft til annarra landa og þess sem hugsanlega mætti læra af erlendum skólum eða stofnunum.

Á fundunum með starfsfólkinu kom fram að lítil áhersla væri á endurgjöf á kennslu, mat á starfinu og formlega ígrundun. Það virðist því vera spennandi svigrúm til að tengja saman vinnu með aukna fjölbreytni kennsluhátta, ígrundun kennara, símenntunaráætlun og sjálfsmat skólans.

Starfsumhverfi

Kennsla í Brúarskóla er frábrugðin kennslu í öðrum grunnskólum, m.a. vegna þess að nemendur eru allan skóladaginn í persónulegri umsjá kennara eða annars starfsfólks. Starfsfólkið veitir nemendum leiðsögn allan skóladaginn í öllu því sem þeir taka sér fyrir hendur. Það getur reynst nemendum vel að fá slíka leiðsögn í ýmsum hlutum sem tengjast athöfnum daglegs lífs, svo sem umgengni hvers konar og framkomu bæði í skólastofunni og á öðrum þeim stöðum sem nemandinn sækir yfir skóladaginn. Foreldrar telja aukna færni í daglegum athöfnum einn af helstu framfarþáttum sem þeir merkja við dvöl barns í Brúarskóla.

Uppbygging skólastarfsins er að sögn starfsfólks þannig að allt getur það sinnt öllum nemendum og tekur þannig sameiginlega ábyrgð á velferð þeirra. Í samtölum við starfsfólkið kom fram að það telur samstöðu og samstarf til sérstakra styrkleika í skólastarfinu. Starfsfólkið leitast allt við að sýna nemendum virðingu og þolinmæði auk þess sem fyrirgefning er þungamiðja í starfinu. Ef stöðva þarf óæskilega hegðun er það skýr regla að eftir að hegðunin hefur verið stöðvuð og farið hefur verið yfir málið snýr nemandinn aftur til verkefna sinna og málið er ekki rætt frekar. Skiptir þá ekki máli í hverju hin óæskilega hegðun fólst. Þannig kemur starfsfólk aftur að kennslu nemanda sem hugsanlega hefur beitt það ofbeldi rétt áður án þess að það sé rætt frekar. Einn starfsmaður nefndi annað dæmi um áherslu í Brúarskóla sem telja mætti til styrkleika. Hann sagði að starfsfólk hækkaði ekki róminn í samskiptum við nemendurna, sama á hverju gengi.

Samvinna starfsfólks er mikilvægur hluti af starfsemi Brúarskóla, m.a. vegna tíðra líkamlegra inngripa. Í skólanum eru skýrar vinnureglur um það hvernig starfsfólk á að bera sig að þegar beita þarf líkamlegu inngripi. Í 30. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um skólabrag og á grundvelli þeirrar greinar hefur verið sett reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar er í 13. gr. fjallað um líkamlegt inngríp í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar. Í Brúarskóla er unnið samkvæmt því sem segir í lögum og reglum um líkamlegt inngríp og oft þarf að grípa til þess. Skráning er formföst þannig að fyrirbyggjandi eru gögn um hvert tilvik.

Ofbeldi nemenda í garð starfsfólks kemur oft upp í Brúarskóla. Það er mat starfsfólks sem rætt var við og lengi hefur starfað við skólann að ofbeldi nemenda gagnvart starfsfólki hafi færst í aukana á undanförunum árum og að það verði sífellt grófara. Sem dæmi var nefnt að starfsfólk væri kýlt í andlitið, fengi þung höfuðhögg, væri stungið með blýanti, bitið og hrækt á það. Einn starfsmaður lýsti því að verst væri að upplifa sig verða undir í átökum en það gæti t.d. gerst þegar nemendur tækju sig saman og réðust að kennara. Talað var um að þeim tilfellum hefði fjölgað þar sem nemendur veittust gagnert

að starfsfólki og nefnt sem dæmi að börn geti orðið það einbeitt í að beita ofbeldi að þau fylgdust með því hvenær fáir starfsmenn væru til staðar þannig að ógn ofbeldishegðunarinnar yrði mikil. Ofbeldið getur líka beinst að barninu sjálfu og falið í sér sjálfskaða. Starfsfólkið veltir því m.a. fyrir sér hvar það stendur ef barn í þeirra umsjá fer sér að voða.

Líkamleg inngríp krefjast þess að þrír og stundum fleiri hjálpist að en sumir starfsmenn treysta sér ekki til að taka þátt í líkamlegu inngrípi. Starfsfólkið nefndi að þessi þáttur gerði starfið í skólanum á stundum flóknara. Alltaf þyrfti ákveðinn lágmarksfjöldi starfsfólks að vera til staðar til að bregðast við ef upp kæmi ofbeldi.

Þegar úttektaraðili heimsótti skólann kom það fyrir tvisvar að starfsfólk var með áverka eftir nemanda. Í annað skiptið var starfsmaður klóraður í andliti, á hálsi og bringu og með bitfar í peysu. Hitt tilfellið var þegar úttektaraðili kom til fundar við hóp stjórnenda. Þá var einn þeirra með kælipoka við öxl vegna þess að nemandi hafði bitið hann í lok kennsludags. Athyglisvert var að hópurinn sýndi kennaranum samkennd en allir voru rólegir og yfirvegaðir. Ljóst var að ofbeldi af hálfu nemanda og áverkar á starfsmanni var engin nýlunda eða einstakt tilfelli.

Vinnuumhverfi þar sem starfsfólk verður ítrekað fyrir ofbeldi af hálfu ólöggráða skjólstæðinga sinna er um margt sérstakt. Ofbeldishegðun nemenda felur í sér mikið álag á starfsfólk. Í Brúarskóla er starfsfólk vel þjálfað til að takast á við ofbeldishegðun og beitir líkamlegu inngrípi af fagmennsku. Það breytir því þó ekki að það er álag á starfsfólk bæði að stöðva ofbeldið og færa nemanda sem beitir ofbeldi úr aðstæðunum. Í framhaldi af líkamlegu inngrípi getur þurft að gefa barni sem missir stjórn á hegðuninni tíma til að ná sér niður og róast. Starfsfólkið talaði um að það gæti tekið á þegar barn grætur lengi og ber frá sér og lítið er hægt að gera til að hjálpa. Kallað var eftir því að í ljósi þess að starfsfólkið þarf oft að vinna með nemendum sem glíma við alvarlega ofbeldishegðun yrði staða starfsfólks Brúarskóla skoðuð sérstaklega af yfirvöldum skólamála m.a., með hliðsjón af lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Starfsfólk hittist reglulega í smærri hópum, skipt eftir starfsstöðvum, og ræðir erfið mál sem upp koma. Eins hittist allt starfsfólk á föstudögum. Nefnt var að æskilegt væri að starfsfólki stæði til boða handleiðsla. Þannig fengi fólk tækifæri til að ræða einslega við sérfræðinga um erfið mál sem upp koma. Í sumum tilfellum vildi fólk ræða ákveðin mál á persónulegum nótum sem ekki væri svigrúm fyrir á hópfundum. Bent var á í viðtölunum að mikilvægt væri að huga að líðan starfsfólksins. Í ljósi umræðu um erfiðar starfsaðstæður kennara almennt mætti augljóst vera að nauðsynlegt væri að skoða starfsumhverfi Brúarskóla sérstaklega. Það væri styrkur skólans að margt starfsfólk hefur starfað lengi við hann og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum í vanda þótt það væri oft þungur róður sem þeim myndist þyngjast jafnt og þétt ár frá ári.

Ábendingar

Í Brúarskóla starfar reynslumikið og áhugasamt starfsfólk. Það er meðvitað um mikilvægi símenntunar sem leið að öflugra og árangursríkara skólastarfi. Sú símenntun sem skilgreind er í símenntunaráætlun skólans er í formi styttri fyrirlestra um ýmis málefni tengd starfsemi hans en myndar ekki skýra samfellda heild að afmörkuðu viðfangsefni. Skólinn er hvattur til að marka sér stefnu í símenntun og leita eftir þátttöku í samstarfsverkefnum með erlendum skólum. Í gögnum skólans má sjá að góð reynsla er af slíku samstarfi. Færa má rök fyrir því að Brúarskóli þurfi öðrum skólum fremur að leita út fyrir landsteinana til að þróa starfið.

Það er vert umhugsunar að hægt hefur þokast í átt að fjölbreyttari kennsluháttum frá árinu 2013. Það sem reynt hefur verið í því samhengi virðist litlu hafa skilað að mati starfsfólksins. Ýmsar hugmyndir má finna meðal starfsfólksins sem vert er að skoða nánar. Lagt er til að skólinn setji sér verkefni með skýrum markmiðum til lengri tíma um aukna fjölbreytni kennsluhátta og horfi þá jafnframt til þess að leggja meiri áherslu á námsárangur. Huga mætti að tengingu þess við símenntun og sjálfsmat skólans.

Sú sérstaða Brúarskóla að nemendum er fylgt og kennt allan skóladaginn er einn af styrkleikum skólans. Þar vegur þungt að vinnuaðferðir eru samræmdar og leiðsögnin sem nemendur fá er skýr og samhljóma. Þessi áhersla skilar sér m.a. í aukinni færni nemenda í athöfnum daglegs lífs sem foreldrar telja mikilvægt veganesti sem barnið fær frá skólanum. Í þessari kennslu sem annarri birtist sá styrkur starfsfólksins að mæta nemendum með virðingu. Skólinn er hvattur til að hlúa áfram að þessum styrkleikum.

Það er krefjandi starf að vinna með ólöggráða börnum sem glíma við erfiða ofbeldishegðun. Skýr sýn starfsfólksins á mikilvægi þess að fyrirgefa óæskilega hegðun og ofbeldi er um margt eftirbreytniverð. Sú tilfinning sem talað var um í starfsmannahópnum að ofbeldishegðun sé að aukast og verða grófari gerir þetta vandasama verkefni jafnvel enn erfiðara. Skólinn vinnur nú að könnun á skráningu ofbeldis, þróun þess og umfangi. Í ljósi niðurstaðnanna þarf að skoða hvernig bregðast má við. Hugsanlegt er að þetta eigi við um tiltekna nemendur en ekki allan hópinn og þá þarf að bregðast við með hliðsjón af því.

Það er brýn og sanngjörn ósk sem kom fram í samtali við starfsfólk að sérstök skoðun verði gerð á stöðu starfsfólks í Brúarskóla með hliðsjón af réttindum, skyldum og ábyrgð. Þetta mætti m.a. gera í ljósi laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Bregðast þarf við þessari beiðni hið fyrsta.

Einnig þarf að skoða hvort starfsfólkið telur almennt að þörf sé á handleiðslu eins og nefnt var á fundi. Vegna sérstöðu nemendahópsins og í ljósi þess hve skólastarfið í Brúarskóla er um margt frábrugðið starfi almennra grunnskóla er full ástæða til að skoða allar leiðir sem styrkt geta starfsfólkið og eft

skólastarfið. Þær leiðir geta ekki nema að hluta samrýmst því sem gert er í almennum skólum.

Foreldrar barna í Brúarskóla

Til að fá fram viðhorf foreldra barna í Brúarskóla til árangurs af skólavist var spurningalisti sendur foreldrum 32 barna. Listinn var sendur til foreldra barna sem voru í Brúarskóla í febrúar 2019 og til foreldra barna sem útskrifuðust úr skólanum skólaárið 2018-2019. Alls bárust svör frá 47% foreldra. Eftirfarandi umfjöllun um niðurstöður foreldranna er fléttuð saman við ýmislegt sem fram kom í viðtölum við starfsfólk Brúarskóla tengt foreldrum og börnum. Í lok kaflans eru settar fram ábendingar byggðar á þeim upplýsingum.

Spurt var hvernig foreldrar teldu að börnunum þeirra liði í Brúarskóla. Um 87% töldu að börnunum þeirra liði alltaf eða oftast vel. Starfsfólkið sagði að foreldrar töluðu stundum um bættu líðan og hegðun barnanna sinna heima eftir að þau hæfu nám en áður en starfsfólkið tæki eftir framförum í skólanum. Einnig var spurt hversu ánægðir eða óánægðir foreldrar væru með það hvernig komið væri til móts við þarfir barnsins og sögðust 93% vera mjög eða frekar ánægðir. Í könnuninni bauðst foreldrum að setja fram athugasemdir sem tengdust dvöl barnsins í Brúarskóla. Þar sáu margir ástæðu til að hrósa skólanum og sérstaklega starfsfólkinu. Eitt foreldri sem hrósaði Brúarskóla sagði að rík þörf væri á að skólinn hefði burði til að taka við fleiri börnum. Það væri líka nauðsynlegt að börn gætu byrjað yngri í skólanum vegna þess að auðveldara væri að breyta hegðuninni ef byrjað væri fyrr og að þannig mætti komast hjá margra ára vanlíðan barna. Ef ekki væri annað úrræði þyrftu þau að berjast áfram í kerfi sem ekki hentar þeim árum saman og fengju ekki þá aðstoð sem þau þurfa. Þetta gæti leitt til þess að börn yrðu vinalaus, misstu trú á sig, fólkið í kringum sig og jafnvel lífið.

Foreldrarnir voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þann árangur sem barnið hefði náð í Brúarskóla og sögðust 47% vera mjög ánægð og önnur 47% frekar ánægð. Til að skoða nánar hvernig foreldrar skilgreindu árangur af dvölinni í Brúarskóla voru tilgreind ákveðin atriði og spurt hvað hefði breyst mest til batnaðar við dvölinna í skólanum. Um 60% töldu börnin sín hafa náð aukinni færni í daglegum athöfnum og 50% merktu aukna færni í samskiptum við aðra nemendur. Þar á eftir var nefnd minni ofbeldishegðun og betri líðan og síðan betri hegðun og aukin færni í samskiptum við kennara.


Upplýsingagjöf til foreldra um skólastarfið felst í foreldraviðtölum þar sem foreldri mætir með barni til viðtals við kennara einu sinni á önn en auk þess fá allir foreldrar tölvupóst frá umsjónarkennara á föstudögum. Þar koma fram almennar upplýsingar um skólastarfið liðna viku og nánari upplýsingar um hegðun og gengi hvers barns eftir því sem við á. Svokallaðir stöðumatsfundir um mál hvers nemanda eru u.þ.b. einu sinni á önn. Á þann fund koma foreldrar og aðrir sem hafa aðkomu að málum viðkomandi barns. Þrisvar á skólaári er opið hús og þá geta foreldrar komið í skólann og séð afrakstur nemenda. Foreldrar telja sig vel upplýsta um skólastarfið en 85% segjast mjög

eða frekar ánægð með upplýsingar frá skólanum um skólastarfið almennt. Einnig var spurt hversu ánægðir eða óánægðir foreldrar væru með upplýsingar frá skólanum um líðan og nám barna sinna en 85% voru mjög eða frekar ánægð.

Í heildarmatinu á skólanum sem gert var árið 2013 var bent á að stofna þyrfti foreldrafélag og skólaráð í samræmi við lagaákvæði þar að lútandi. Skólaráð er nú starfandi en erfiðlega hefur gengið að koma á virku foreldrafélagi. Ábendingin er viðeigandi þar sem skólinn starfar samkvæmt lögum um grunnskóla en jafnframt er skiljanlegt að framkvæmdin geti reynst erfið þar sem markmið skólans er að nemendur staldri stutt við. Þess vegna var m.a. spurt um áhrif foreldra á starfið og nám barnsins. Foreldrar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þau áhrif sem þeir hefðu á skólastarfið og nám barnsins. Mjög ánægð voru 46%, frekar ánægð 27% og hvorki né 27%.

Foreldrar voru einnig spurðir hversu vel eða illa þeir þekktu þau markmið sem sett væru í skólanum fyrir börnin þeirra, annars vegar tengd hegðun og hins vegar tengd námsárangri. Á mynd 4 má sjá svör foreldranna.

Mynd 4. Hversu vel þekkja foreldrar markmið tengd hegðun og námsárangri?



Niðurstöðurnar sýna að foreldrar þekkja betur markmið tengd hegðun en markmið tengd námsárangri. Ástæður fyrir skólavist tengjast erfiðri hegðun þannig að áherslurnar liggja þar og í skólastarfinu er skýr áhersla á að bæta hegðun frekar en námsárangur. Svör foreldra endurspeglar að einhverju leyti þær áherslur. Í athugasemdum sem foreldrar gátu sett fram í könnuninni nefnir eitt foreldri að gott væri að fá upplýsingar um það hvar barnið er stadd námslega miðað við jafnaldrar.

Í Brúarskóla eru foreldrar hvattir til að þjálfa börn í lestri heima en ekki er gerð krafa um annað heimanám. Óski foreldrar eftir að fá meira heimanám fyrir börnin er orðið við því. Yfir 90% foreldra segjast vera mjög sátta eða frekar

sátt við fyrirkomulag heimanáms. Foreldrar nefna að áherslan á námið eigi fyrst og fremst að vera í skólanum. Heimanám geti skapað mikla streitu á heimilum og það henti vel að barnið fái umbun í skólanum fyrir að lesa heima.

Í almennum grunnskólum er gjarnan haft samband við foreldra um leið og upp kemur ofbeldishegðun eða alvarlegur samskiptavandi og jafnvel eru foreldrar þá beðnir um að sækja barnið. Það er skýr vinnuregla í Brúarskóla að ekki er hringt í foreldra fyrir en í lok skóladags eða sagt frá í föstudagspósti ef upp kemur ofbeldishegðun eða annar vandi. Það er því í sumum tilfellum töluverð breyting fyrir foreldra sem oft hafa þurft að sækja barn óvænt í skóla eða reglulega hafa borist athugasemdir vegna hegðunar að vinna með Brúarskóla. Þessi vinnuregla getur því falið í sér breytingu fyrir foreldra barns með hegðunarerfiðleika. Foreldrar voru spurðir hversu jákvætt eða neikvætt þeim fyndist þetta fyrirkomulag. Öllum foreldrum fannst þetta jákvætt, 80% fannst þetta mjög jákvætt og 20% frekar jákvætt.

Börn sem sækja Brúarskóla búa víða í borginni. Þeim stendur því til boða skólaakstur til og frá skóla. Spurt var hvað foreldrum fyndist um þá þjónustu og voru 46% mjög ánægð, 40% frekar ánægð, 7% hvorki ánægð né óánægð og önnur 7% nota ekki þjónustuna.

Starfsfólk Brúarskóla leggur metnað sinn í að eiga góð samskipti við foreldra. Í viðtölunum kom skýrt fram að starfsfólkið hefur skilning á því að foreldrar nemenda skólans þurfa hlýjar og uppbyggjandi móttökur ekki síður en nemendurnir. Áhersla er lögð á að sýna því skilning ef foreldrar bregðast við með uppgjöf eða meðvirkni því oft hefur margt verið reynt með takmörkuðum árangri áður en barn kemur í Brúarskóla. Þegar foreldrar voru spurðir sögðust 93% vera mjög eða frekar ánægð með viðmót starfsfólksins þannig að þessi áhersla skilar sér til foreldranna.

Þegar starfsfólk var spurt hvernig styðja mætti betur við starf skólans og árangur nemenda var eitt af því sem lagt var til að komið yrði á stuðningi við heimilin og foreldrana. Lagðar voru fyrir foreldrana tvær spurningar þessu tengdar. Spurt var hversu sammála eða ósammála foreldrar væru því að bjóða ætti foreldrum leiðsögn og stuðning við uppeldi barnsins samhliða dvöl þess í Brúarskóla. Enginn var því ósammála en 20% voru hvorki ósammála né sammála. Frekar sammála voru 33% og mjög sammála voru 47%. Einnig voru foreldrar spurðir hversu líklegt eða ólíklegt væri að þeir myndu nýta sér slíka þjónustu ef hún stæði þeim til boða. Ríflega 50% sögðu það mjög líklegt, 27% sögðu það frekar líklegt, 2% sögðu það hvorki líklegt né ólíklegt en 7% sögðu það frekar ólíklegt. Í könnuninni stóð foreldrum til boða að skýra nánar þetta svar. Þar sögðu foreldrarnir t.d. að þeir tækju vel öllum ráðum sem gætu bætt líðan barnsins og að heildstæð nálgun í að takast á við erfiða hegðun væri af hinu góða.

Í samtölum við starfsfólkið kom fram að það hefur ýmsar hugmyndir um hvernig styðja mætti foreldrana en lögð var áhersla á að mismunandi stuðning þyrfti fyrir mismunandi heimili. Þannig gæti sumum hentað

námskeið meðan aðrir myndu frekar vilja aðstoð inni á heimilinu. Allt eftir aðstæðum barna og foreldra.

Það þarf að eiga samskipti við starfsfólk félags- og/eða heilbrigðisþjónustu vegna sumra barna í Brúarskóla og var jafnan vel látið af slíku samstarfi. Starfsfólk Brúarskóla talaði samt um að aukið og formlegra samstarf menntakerfisins, félagslega kerfisins og heilbrigðiskerfisins gæti verið liður í að efla starfsemi Brúarskóla. Með markvissara samstarfi mætti m.a. koma betur til móts við börnin og styðja markvisst þá foreldra sem af einhverjum ástæðum eru ekki vel í stakk búnir til að fylgja eftir málum barnanna sinna. Stjórnendur í grunnskólum tóku undir þetta sjónarmið og fram komu dæmi um góðan árangur af formlegu þverfaglegu samstarfi innan sveitarfélags.

Ábendingar

Draga má þá ályktun að börnum líði almennt vel í Brúarskóla. Skólavistin hefur jafnan jákvæð áhrif á hegðun eins og að er stefnt með markmiðum skólans. Auk þess ná börnin aukinni færni í daglegum athöfnum sem aukið getur lífsgæði viðkomandi einstaklinga til framtíðar. Sú kennsla fer m.a. fram í frímínútum og matar- og kaffitímum með markvissari hætti en gengur og gerist í almennum grunnskólum. Það er mikilvægt að skólinn hlúi áfram að þeim þáttum sem snúa að kennslu í athöfnum daglegs lífs.

Samskipti skólans við foreldra eru jafnan góð. Sú áhersla sem starfsfólkið leggur á að mæta bæði nemendum og foreldrum af virðingu skilar sér til foreldranna í jákvæðri sýn á viðmót starfsfólksins. Þættir sem snerta foreldra beint eins og akstur til og frá skóla, heimanám og tilkynningar um ofbeldi eða erfiða hegðun eru í góðum farvegi að mati foreldra. Þeir eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans og telja sig hafa áhrif á skólastarfið sem vegur nokkuð á móti takmarkaðri starfsemi foreldrafélagsins sem vandasamt er að halda gangandi í skóla þar sem nemendum er ætlað að staldra stutt við.

Bæði foreldrar og starfsfólk telja að það gæti aukið árangur skólavistar ef foreldrarnir fengu leiðsögn eða stuðning við uppeldi samhlíða dvöl barnsins í Brúarskóla. Slík viðbót við skólavistina gæti komið frá annarri þjónustueiningu en skólanum, eins og t.d. heilsugæslu eða félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags sem hugsanlega er þegar með slík úrræði á sínum vegum. Þannig mætti styrkja foreldra í að styðja börnin sín til betri hegðunar og til aukinnar færni í daglegum athöfnum bæði um leið og barnið er í Brúarskóla og eins eftir að skólavistinni lýkur. Í þessu samhengi er mikilvægt að horfa til þess að rétt eins og börn eru ólík eru heimili og aðstæður ólíkar og því þörf á fjölbreyttum stuðningsúrræðum.

Ábendingar starfsfólks Brúarskóla og stjórnenda í grunnskólum um aukið formlegt samstarf þeirra stofnana sem koma að málum barna eru byggðar á reynslu og sýn á hag barnanna. Bætt samstarf og aukið samráð gæti orðið einn þáttur í því að bæta árangur nemendanna. Tekið er undir þá ábendingu og eru yfirvöld hvött til að leita leiða til að koma samstarfinu í formlegan

farveg. Í viðtölum við stjórnendur í grunnskóla var talað um að bætt samstarf og samráð stofnana gæti orðið til þess að hraða afgreiðslu mála. Erfitt væri fyrir skóla að bíða eftir svörum frá stofnunum um mál tengd börnum með erfiða hegðun og horfa um leið á vanda barns fara vaxandi. Þessari mikilvægu ábendingu er hér með komið á framfæri.

Ráðgjafarsvið Brúarskóla

Við ráðgjafarsvið Brúarskóla starfa þrír starfsmenn; þroskaþjálfari sem jafnframt er deildarstjóri, starfsmaður með sálfræðimenntun og kennari. Lögð er áhersla á að starfsfólkið hafi mismunandi menntun, m.a. til að fá fram mismunandi sjónarhorn og fleiri hugmyndir að lausnum. Jafnan starfar þar sálfræðingur eða starfsmaður með sálfræðimenntun.

Ráðgjafarsviðið hefur margþætt hlutverk innan og utan skólans. Innan Brúarskóla kemur sviðið að inntökufærli nýrra nemenda, stöðumatsfundum, aðlögun nemenda sem fara úr Brúarskóla í almenna skóla, veitir starfsfólki Brúarskóla ráðgjöf og fleira. Starfsfólk sviðsins er einnig í viðbragðsteymi skólans sem kalla þarf til ef þörf er á aðstoð við að stöðva nemanda sem beitir ofbeldi. Í því felst að það ræðst af mönnun í Vesturhlíð á hverjum tíma hvort starfsfólk ráðgjafarsviðs getur farið úr húsi en það getur haft áhrif á starfsemi sviðsins. Aðkoma ráðgjafarsviðsins að innra starfi skólans er mikilvægur hlekkur í skólastarfinu.

Almennir grunnskólar af öllu landinu geta sótt um ráðgjöf til ráðgjafarsviðs Brúarskóla. Sú ráðgjöf sem sviðið veitir almennum skólum getur falist í fundum með starfsfólki skóla, símafundum, vettvangsathugunum eða heimsóknnum starfsmanna almennra grunnskóla í Brúarskóla. Frá 2013 til 2018 hefur ráðgjafarsviðið unnið með alls 121 mál með 57 skólum eða að meðaltali 24 mál á ári, sjá töflu 2.

Tafla 2. Skólar sem fengu ráðgjöf hjá ráðgjafarþjónustu Brúarskóla 2013-2018

Tímabil	Fjöldi skóla
2013-2014	21
2014-2015	21
2015-2016	36
2016-2017	19
2017-2018	24

Í öllum tilfellum hefur verið sótt um ráðgjöf vegna eins nemanda í hverjum skóla á ári en í sumum tilfellum hefur ráðgjöf vegna eins nemanda staðið lengur en eitt skólaár. Af þeim 57 skólum sem fengið hafa ráðgjöf á umræddu fimm ára tímabili eru 29 utan Reykjavíkur eða reknir af öðrum aðilum en Reykjavíkurborg.

Almennir skólar sem þarfnast ráðgjafar vegna erfiðrar hegðunar nemenda

senda skriflega umsókn um ráðgjöf. Að sögn starfsfólks ráðgjafarsviðsins er öllum umsóknum svarað strax og umsækjanda sagt hve löng biðin er og hvenær hann megi eiga von á að vinna með honum hefjist. Umsóknir vegna nemenda í 1.-3. bekk í Reykjavík eru teknar fram fyrir aðrar umsóknir samkvæmt ákvörðun Reykjavíkurborgar en það er m.a. gert vegna þess að nemendur á þessum aldri geta ekki fengið inni í Brúarskóla og snemmtæk íhlutun þykir gefast vel. Innan Brúarskóla er nú verið að greina þau mál sem ráðgjafarsviðið kemur að vegna nemenda á þessum aldri til að leggja megi mat á hvort þörf er á frekari áherslu á yngsta stig grunnskóla.

Umsóknir almennra grunnskóla um ráðgjöf voru fáar í upphafi skólaársins 2018-2019 en fjölgaði hratt þegar líða tók á haustið. Þegar gagnaöflun fyrir úttektina fór fram í desember 2018 var bið eftir ráðgjöf um fjórir mánuðir og 12 mál biðu afgreiðslu. Ef eitthvað kemur upp á sem valdið gæti frekari töfum á afgreiðslu mála má reikna með að nýjustu umsóknirnar verði ekki teknar fyrir fyrr en á næsta skólaári.

Þegar vinna við mál hefst heimsækir fulltrúi frá ráðgjafarsviði skólann og þar er haldinn upplýsingafundur með stjórnanda og kennara og jafnvel stuðningsfulltrúa sem er að vinna með barninu. Síðan koma fulltrúar ráðgjafarsviðs í skólann í þrjár til fjórar athuganir þar sem fylgst er með skólastarfinu yfir skóladaginn. Það getur gerst að skólar á landsbyggðinni fái einungis eina heimsókn á vettvang. Skólastjórnandi sem hafði reynslu af því sagði að brýnt væri að fá fleiri heimsóknir til að betri mynd fengist af vandanum.

Í vettvangsheimsóknunum er fylgst með hvenær erfið hegðun kemur fram og reynt að finna út hvað veldur henni. Í framhaldinu er svo unnið úr því sem fram kom og tillögur lagðar fyrir skólann á tillögufundi. Foreldrarnir skrifa undir umsókn um ráðgjöf áður en hún er send og eru því upplýstir um að málið sé í ferli. Eftir heimsóknir á vettvang leggur ráðgjafarsviðið fram hugmyndir fyrir skólann og kennarann til að bregðast við vandanum. Það getur gerst að ráðgjafarsviðið leggi til að sótt verði um skólavist í Brúarskóla fyrir barnið og þá getur tekið við bið eftir skólavist. Stjórnendurnir sem rætt var við voru ánægðir með viðmót starfsfólks ráðgjafarsviðsins. Í þeim tilfellum þar sem ráðgjöfin skilaði ekki árangri hefðu viðkomandi skólar viljað fá fleiri hugmyndir að leiðum til að nálgast vandann en stjórnendurnir tóku það jafnframt fram að þau mál sem þarf að glíma við geti verið mjög flókin úrlausnar.

Ráðgjafarsviðið bauð skólum einnig svokölluð TEH-námskeið, „tekist á við erfiða hegðun“, í tengslum við ráðgjöfina. Það er bæði bóklegt og verklegt námskeið en meðal annars er fjallað um skólaumhverfi, ofbeldisfulla nemendur og líkamlegt inn grip. Farið er yfir hvernig beita má líkamlegu inn gripni þannig að það verði sem átakaminnst. Í viðtölum við stjórnendur grunnskóla kom fram ánægja með TEH-námskeiðið og að mikilvægt væri að geta fengið leiðsögn um það viðkvæma ferli sem felst í líkamlegu inn gripni.

Eftir þrjár til fjórar vikur hefur ráðgjafarþjónustan aftur samband við skólann til að athuga hvernig gengur og hvort unnið sé með þær tillögur sem

ráðgjafarsviðið lagði til. Skólarnir geta líka leitað til ráðgjafarsviðsins eftir frekari aðstoð. Umfang samskipta ráðgjafarsviðs og skólanna fer eftir eðli hvers máls. Ef ekkert heyrir frá skóla í þrjá til fjóra mánuði hefur ráðgjafarsviðið samband við skólann og lokar síðan málinu ef við á.

Ráðgjafarsvið hefur sent spurningalista að vori til þeirra skóla sem fá ráðgjöf frá sviðinu. Niðurstöðurnar benda til þess að almennt séu skólarnir ánægðir með þá þjónustu sem sviðið veitir. Þær niðurstöður eru í samræmi við það sem fram kom í tengslum við þessa úttekt. Fyrir skóla á landsbyggðinni getur skipt sköpum að fá sérfræðing frá Brúarskóla á staðinn til að meta erfið mál, veita ráðgjöf og kenna handtök við líkamleg inngrip. Einn skólastjórnandi af landsbyggðinni sagði að með heimsókn ráðgjafarsviðsins hefði verið komið á tengslum milli skólans og sviðsins sem gott væri að vita af. Ráðgjöfin hefði samt reynst það vel að ekki hefði verið þörf á því hingað til.

Á vegum Reykjavíkurborgar hófu nýlega störf hegðunarráðgjafar og unnið er að stofnun farneyma sem m.a. eiga að styðja skólana í tengslum við erfiða hegðun nemenda. Þegar gagnaöflun vegna úttektarinnar fór fram voru ekki fyrirbyggjandi upplýsingar um hvernig eða hvort starfsemi hegðunarráðgjafanna og fagteymanna munu tengjast ráðgjöfinni í Brúarskóla.

Þeir sem nú sækja um ráðgjöf frá ráðgjafarsviði í Brúarskóla geta hafa fengið ráðgjöf frá hegðunarráðgjafa fyrir í ferlinu eða verið í vinnu með hegðunarráðgjafa þegar sótt er um. Starfsfólk ráðgjafarsviðs hafði ekki fengið upplýsingar um samspil sviðsins við farneymin og hegðunarráðgjafana og ekki er að finna neinar opinberar upplýsingar um starfsemi þeirra á vef borgarinnar. Skólastjórnendur sem rætt var við vissu ekki heldur hvernig verkaskipting yrði á milli ráðgjafarsviðs Brúarskóla, farneymanna, hegðunarráðgjafa og kennsluráðgjafa.

Ábendingar

Starfsfólk Brúarskóla virtist almennt ánægt með þann stuðning sem það fær frá ráðgjafarsviðinu vegna einstakra mála og aðkomu þess í tengslum við móttöku nýrra nemenda og við aðlögun þeirra í almenna skóla eftir dvöl í Brúarskóla. Ráðgjafarsviðið er mikilvægur hlekkur í innra starfi Brúarskóla og ástæða til að skoða hvernig starfsfólk ráðgjafarsviðs gæti stutt enn betur við skólastarfið, t.d. með markvissum stuðningi við innra mat á tilteknum þáttum og sérhæfðri fræðslu fyrir starfsfólk.

Ferli þeirrar ráðgjafar sem ráðgjafarsvið veitir almennum grunnskólum er skýrt og almennt eru skólarnir ánægðir með þjónustu sviðsins þó að ráðleggingarnar nýtist skólum misvel. Það kemur sér illa fyrir alla sem hlut eiga að máli ef almennur grunnskóli sem glímir við erfiða hegðun nemenda þarf að bíða svo mörgum mánuðum skiptir eftir ráðgjöf.

Skýra þarf samspil ráðgjafarsviðsins, farteymanna, hegðunarráðgjafa og kennsluráðgjafa sem starfa á vegum Reykjavíkurborgar. Huga þarf að kerfisbundinni úthlutun verkefna með gæði og hagkvæmni að leiðarljósi. Skoða þarf hvernig ráðgjafarsviðið getur komið til móts við skóla sem þurfa stuðning vegna nemenda á yngsta stigi grunnskólans. Brúarskóli vinnur nú að greiningu á málum tengdum þessum aldurshópi sem vonandi mun leiða af sér tillögur um næstu skref.

Öflug sérfræðiþjónusta tengd alvarlegum hegðunarerfiðleikum þarf að vera til staðar á landsvísu. Þörf er á sérfræðiþjónustu sem hefur svigrúm til að fylgjast vel með nýjum rannsóknum og getur jafnframt komið þekkingunni til þeirra sem þurfa á henni að halda. Lagt er til að ráðgjafarsvið verði þróað áfram og stutt sem leiðandi afl í kennslu nemenda með hegðunarerfiðleika sem byggist á nýjustu þekkingu á hverjum tíma.

Mikilvægt er að þróa áfram ráðgjafarsvið Brúarskóla og leita leiða til að efla það þar sem þjónusta þess nýtist öllu landinu. Það er skýrt ákall frá foreldrum og skólum um að innan skólakerfisins sé til þekking og leiðsögn vegna nemenda sem eiga í miklum hegðunarerfiðleikum. Ítrekað er að biðtími eftir aðstoð verður að styttest.

Viðauki

Spurningalisti sendur skólastjórnendum grunnskóla sem kennt hafa nemendum sem farið hafa úr heimaskóla í Brúarskóla og komið aftur í heimaskóla eftir dvöl í Brúarskóla sl. fimm ár.

1. Fyrir hvaða skóla svarar þú?

2. Hvernig fannst þér aðlögun nemandans (nemendanna) í heimaskóla ganga eftir dvölinu í Brúarskóla?

Mjög vel

Frekar vel

Hvorki né

Frekar illa

Mjög illa

Annað sem þú vilt taka fram:

3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með ráðgjöfina frá Brúarskóla vegna aðlögunar nemenda úr Brúarskóla aftur í sinn heimaskóla?

Mjög ánægð(ur)

Frekar ánægð(ur)

Hvorki né

Frekar óánægð(ur)

Mjög óánægð(ur)

Annað sem þú vilt taka fram:

4. Er eitthvað sem þú vilt taka fram eða benda á sem tengist ráðgjöf Brúarskóla vegna aðlögunar nemandans (nemendanna) aftur í heimaskóla?

5. Hvernig var staða nemandans að þínu mati fyrir og eftir dvölinu í Brúarskóla með hliðsjón af eftirfarandi:

Hegðun Samskipti Viðhorf Námsárangur

Fyrir/eftir Fyrir/eftir Fyrir/eftir Fyrir/eftir

Mjög jákvæð staða

Frekar jákvæð staða

Hvorki né

Frekar neikvæð staða

Mjög neikvæð staða

Annað:

6. Telur þú að sá árangur sem nemandinn náði í Brúarskóla hafi breyst eftir því sem lengra leið frá því að hann kom aftur í heimaskólann?

Árangurinn jókst töluvert þegar frá leið

Árangurinn jókst nokkuð þegar frá leið

Árangurinn hélst svipaður þegar frá leið

Árangurinn minnkaði þegar frá leið

Árangurinn hvarf þegar frá leið

7. Árangur nemenda af dvöl í Brúarskóla getur falist í ýmsum þáttum. Vinsamlegast merkið við þá þrjá þætti sem breyttust mest til batnaðar eftir dvöl nemandans í Brúarskóla.

Aukin færni í samskiptum við nemendur

Aukin færni í samskiptum við kennara

Betri mæting

Betri hegðun

Betri líðan

Bætt færni í daglegum athöfnum

Bættur námsárangur

Minni ofbeldishegðun

Meiri ábyrgð á eigin námi

Meiri áhugi á náminu

Meiri virðing sýnd skólstarfinu

Annað:

8. Hvaða árangri finnst þér mikilvægast að Brúarskóli skili sem skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum, hegðunar- eða félagslegum erfiðleikum?

9. Annað sem þú vilt taka fram tengt Brúarskóla og árangri nemenda:

10. Hver svarar spurningalistanum?

Aðstoðarskólastjóri

Deildarstjóri stoðþjónustu

Námsráðgjafi

Skólastjóri

Umsjónarkennari

Annar, hver?

Spurningalisti sendur foreldrum og forráðamönnum barna sem voru í Brúarskóla í janúar 2019.

1. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í Brúarskóla?

Alltaf vel

Oftast vel

Stundum vel

Sjaldan vel

Aldrei vel

2. Börnum í Brúarskóla stendur til boða akstur til og frá skóla. Hvað finnst þér um þá þjónustu?

Mjög ánægð(ur)

Frekar ánægð(ur)

Hvorki né
 Frekar óánægð(ur)
 Mjög óánægð(ur)
 Nota ekki akstursþjónustuna

3. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ert þú við fyrirkomulag heimanáms í Brúarskóla?

Mjög sátt(ur)
 Frekar sátt(ur)
 Hvorki né
 Frekar ósátt(ur)
 Mjög ósátt(ur)
 Annað:

4. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að bjóða ætti foreldrum/forráðamönnum leiðsögn og stuðning við uppeldi barnsins samhliða dvöl þess í Brúarskóla?

Mjög sammála
 Frekar sammála
 Hlutlaus
 Frekar ósammála
 Mjög ósammála

5. Ef leiðsögn um uppeldi stæði þér til boða samhliða dvöl barnsins í Brúarskóla hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir nýta þér slíkt tilboð?

Mjög líklegt
 Frekar líklegt
 Hlutlaus
 Frekar ólíklegt
 Mjög ólíklegt
 Annað:

6. Brúarskóli er um margt ólíkur öðrum grunnskólum. Ef barn sýnir ofbeldishegðun í almennum grunnskóla er gjarnan strax haft samband við foreldra og jafnvel óskað eftir að barnið verði sótt í skólann. Ef barn í Brúarskóla sýnir ofbeldishegðun eru viðbrögð starfsfólks skýr. Foreldrar/forráðamenn eru upplýstir um atvik í lok skóladags eða í föstudagspósti og ekki er ætlast til þess að barnið verði sótt jafnvel þótt uppi komi alvarleg ofbeldishegðun. Hversu jákvætt eða neikvætt finnst þér þetta fyrirkomulag í Brúarskóla?

Mjög jákvætt
 Frekar jákvætt
 Hvorki né
 Frekar neikvætt
 Mjög neikvætt

7. Árangur barns af dvöl í Brúarskóla getur falist í ýmsum þáttum. Vinsamlegast merktu við þá þrjá þætti sem þér finnst hafa breyst mest til batnaðar við dvöl barnsins í Brúarskóla:

Aukin færni í daglegum athöfnum
 Aukin færni í samskiptum við nemendur
 Aukin færni í samskiptum við kennara
 Betri mæting
 Betri hegðun
 Betri líðan
 Bættur námsárangur
 Minni ofbeldishegðun
 Meiri ábyrgð á eigin námi
 Meiri áhugi á náminu
 Skólastarfi sýnd meiri virðing
 Annað:

8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi:

Mjög ánægð(ur) – Frekar ánægð(ur) – Hvorki né – Frekar óánægð(ur) – Mjög óánægð(ur)
 Hvernig komið er til móts við þarfir barnsins
 Þann árangur sem barnið hefur náð
 Upplýsingar frá skólanum um líðan og nám barnsins
 Þau áhrif sem þú hefur á skólastarfið og nám barnsins
 Viðmót starfsfólksins
 Upplýsingar frá skólanum um skólastarfið almennt

9. Hversu vel eða illa þekkir þú þau markmið tengd hegðun sem sett eru í skólanum fyrir barnið þitt?

Þekki markmið tengd hegðun mjög vel
 Þekki markmið tengd hegðun frekar vel
 Þekki markmið tengd hegðun hvorki vel né illa
 Þekki markmið tengd hegðun frekar illa
 Þekki markmið tengd hegðun mjög illa

10. Hversu vel eða illa þekkir þú þau markmið tengd námsárangri sem sett eru í skólanum fyrir barnið þitt?

Þekki markmið tengd námsárangri mjög vel
 Þekki markmið tengd námsárangri frekar vel
 Þekki markmið tengd námsárangri hvorki vel né illa
 Þekki markmið tengd námsárangri frekar illa
 Þekki markmið tengd námsárangri mjög illa

11. Hverju vonar þú helst að dvölin í Brúarskóla skili barninu þínu?

12. Annað sem þú vilt taka fram tengt dvöl barnsins í Brúarskóla:

Spurningalisti sendur foreldrum og forráðamönnum barna sem útskrifuðust úr Brúarskóla skólaárið 2018-2019.

1. Hvernig telur þú að barninu þínu hafi liðið í Brúarskóla?

Alltaf vel
Oftast vel
Stundum vel
Sjaldan vel
Aldrei vel

2. Börnum í Brúarskóla stendur til boða akstur til og frá skóla. Hvað fannst þér um þá þjónustu?

Mjög ánægð(ur)
Frekar ánægð(ur)
Hvorki né
Frekar óánægð(ur)
Mjög óánægð(ur)
Notaði ekki akstursþjónustuna

3. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ert þú við fyrirkomulag heimanáms í Brúarskóla?

Mjög sátt(ur)
Frekar sátt(ur)
Hvorki né
Frekar ósátt(ur)
Mjög ósátt(ur)
Annað:

4. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að bjóða ætti foreldrum/forráðamönnum leiðsögn og stuðning við uppeldi barnsins samhliða dvöl þess í Brúarskóla?

Mjög sammála
Frekar sammála
Hlutlaus
Frekar ósammála
Mjög ósammála

5. Ef leiðsögn um uppeldi stæði þér til boða samhliða dvöl barnsins í Brúarskóla hversu líklegt eða ólíklegt er að þú hefðir nýtt þér slíkt tilboð?

Mjög líklegt
Frekar líklegt
Hlutlaus
Frekar ólíklegt
Mjög ólíklegt
Annað: 36

6. Brúarskóli er um margt ólíkur öðrum grunnskólum. Ef barn sýnir ofbeldishegðun í almennum grunnskóla er gjarnan strax haft samband við foreldra og jafnvel óskað eftir að barnið verði sótt í skólann. Ef barn í Brúarskóla sýnir ofbeldishegðun eru viðbrögð starfsfólks skýr. Foreldrar/forráðamenn eru upplýstir um atvik í lok skóladags eða í föstudagspósti og ekki er ætlast til þess að barnið verði sótt jafnvel þótt uppi komi alvarleg ofbeldishegðun. Hversu jákvætt eða neikvætt finnst þér þetta fyrirkomulag í Brúarskóla?

Mjög jákvætt
 Frekar jákvætt
 Hvorki né
 Frekar neikvætt
 Mjög neikvætt

7. Árangur barns af dvöl í Brúarskóla getur falist í ýmsum þáttum. Vinsamlegast merktu við þá þrjá þætti sem þér finnst hafa breyst mest til batnaðar við dvöl barnsins í Brúarskóla:

Aukin færni í daglegum athöfnum
 Aukin færni í samskiptum við nemendur
 Aukin færni í samskiptum við kennara
 Betri mæting
 Betri hegðun
 Betri líðan
 Bættur námsárangur
 Minni ofbeldishegðun
 Meiri ábyrgð á eigin námi
 Meiri áhugi á náminu
 Skólastarfi sýnd meiri virðing
 Annað:

8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með eftirfarandi:

Mjög ánægð(ur) – Frekar ánægð(ur) – Hvorki né – Frekar óánægð(ur) – Mjög óánægð(ur)
 Hvernig komið er til móts við þarfir barnsins
 Þann árangur sem barnið hefur náð
 Upplýsingar frá skólanum um líðan og nám barnsins
 Þau áhrif sem þú hefur á skólastarfið og nám barnsins
 Viðmót starfsfólksins
 Upplýsingar frá skólanum um skólastarfið almennt

9. Hversu vel eða illa þekktir þú þau markmið tengd hegðun sem sett voru í skólanum fyrir barnið þitt?

Þekkti markmið tengd hegðun mjög vel
 Þekkti markmið tengd hegðun frekar vel
 Þekkti markmið tengd hegðun hvorki vel né illa

Þekkti markmið tengd hegðun frekar illa
Þekkti markmið tengd hegðun mjög illa 37

10. Hversu vel eða illa þekktir þú þau markmið tengd námsárangri sem sett voru í skólanum fyrir barnið þitt?

Þekkti markmið tengd námsárangri mjög vel
Þekkti markmið tengd námsárangri frekar vel
Þekkti markmið tengd námsárangri hvorki vel né illa
Þekkti markmið tengd námsárangri frekar illa
Þekkti markmið tengd námsárangri mjög illa
11. Hvað gerði dvölin í Brúarskóla fyrir barnið þitt?

